



Alltaf fjör

Vinnuskóla Árborgar, sem er fyrir ungmenni í 8.–10. bekk, lauk í síðustu viku. Um 200 ungmenni unnu við ýmis störf í vinnuskólanum í sumar. Á loka-deginum var farið í ýmsa leiki og gleðin látin ráða ferðinni.



Stefnt að því að hefja framkvæmdir við fjölnota íþróttahús á Selfossi í haust

Á fundi bæjarráðs Árborgar sem haldinn var 18. júlí sl. voru nokkur veigamikil mál tekið fyrir. Þar var m.a. samþykkt að auglýsa útboð vegna byggingar fyrsta áfanga fjölnota íþróttahúss á íþróttasvæðinu við Engjaveg á Selfossi. Einnig var samþykkt að auglýsa útboð á fyrsta áfanga af fimm í landi Bjarkar. Í þeim áfanga verða lóðir fyrir 200

íbúðir. Þá var á fundinum samþykkt að sveitarfélagið verji allt að 10 milljónum króna í kynningar- og myndarherferð þar sem áhugasöm fyrirtæki á svæðinu munu einnig taka þátt.

Tómas Ellert Tómasson bæjarfulltrúi í meirihlutanum var spurður hvað þessar samþykktir fela í sér. Sjá nánar hér í blaðinu á bls. 8.



Myrra Rós á Menningarveislu Sólheima

Myrra Rós, söngvaskáld frá Stokkseyri, kemur fram á Menningarveislu Sólheima laugardaginn 27. júlí nk. kl. 14:00. Tónlist Myrru er best lýst sem draumkenndu þjóðlagapoppi þar sem rödd og gítar spinna saman sögur og myndir úr hinum ýmsu hornum í lífi söngkonunnar.

Á Sólheimum eru listsýningar, verslun, gleði og gaman. Allir eru velkomnir og er aðgengur ókeypis. ög



Mynd af Steinafjalli afhjúpuð

Sunnudaginn 14. júlí sl. var afhjúpuð að Steinum undir Eyjafjöllum mynd af Steinafjalli þar sem koma fram örnefni í fjallinu. Bergur Pálsson og Sigurgeir Bárðarson, báðir frá Steinum, sáu um gerð myndarinnar og settu inn örnefni. Bárður Magnússon afhjúpaði myndina til minningar um afa sinn og alnafna, Bárð Magnússon fyrrum bónda í Steinum.



Nýr ærslabelgur á Hvolsvelli

Nýi ærslabelgurinn sem settur var upp á Hvolsvelli á dögunum hefur notið mikilla vinsælda. Hann er staðsettur á túninu á bakvið Félagsheimilið Hvol. Þar eru næg bílastæði og gott aðgengi og því tilvalið stopp í sumarfríinu eða ísbíltúrnum.

Er gólfhitinn rétt stilltur?

Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**
Selfossi • Sími 699 1985 • 823 6656



ALWAYS A
BETTER WAY

HYBRID

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

ATVINNA - ATVINNA - ATVINNA KANNT ÞÚ AÐ ELDA MÖMMUMAT?

ERTU MATRÁÐUR? ERTU MAMMA?

ERTU MATREIÐSLUMAÐUR?

ERTU SJÓKOKKUR? ERTU KOKKUR?

ÞÁ EIGUM VIÐ FRAMTÍÐAR 50 - 100 % DAGVINNU HANDA ÞÉR
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HVITA@HVITA.IS EÐA Í S: 893-9949



Kærar þakkir fyrir samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar móður
okkar, tengdamóður, ömmu,
langömmu og langalangömmu

Arnheiðar Helgadóttir.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Fossheima
fyrir umönnun hennar.

Fyrir hönd aðstandenda.

Helgi Þorvaldsson Þórey Hilmarsdóttir
Þorvaldur Þorvaldsson Erlín Kristín Karlsdóttir



Hrós vikunnar

Sólveig Ottósdóttir
er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Sólveig Ottósdóttir

Hrós vikunar fær Margrét
Guðjónsdóttir fyrir gott starf
og dugnað í Kvenfélaginu
Einingu í Hvolhreppi. Einnig
fyrir dugnað við Bókaklúbbinn
Skrúddurnar.

Sólveig Ottósdóttir

Ég skora á Margréti Guðjóns-
dóttur, Öldubakka á Hvolsvelli,
að koma með næsta hrós.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Sendu okkur hrósið á
netfangið dagskrain@prentmet.is.
Ekki væri verra að fá mynd með :)



Hera er komin heim

Það var fullt út úr dyrum á tónleikum Heru Hjartardóttur í Skyrgerðinni í Hveragerði 18. júlí síðastliðinn. Hera söng sig beint inn í hjarta viðstaddra, eins og hún hefur gert gegnum árin með bjartri og tærri rödd, einlægni og húmor. Hún vinnur nú að nýrri plötu ásamt einvalaliði tónlistarmanna undir stjórn Barða Jóhannssonar. Við sem komum í Skyrgerðina fengum forsmekkinn af þeirri plötu auk eldri laga, þau elstu frá því söngkonan var 15 ára. Íslenska stelpan frá Nýja Sjálandi fékk að flæða um salinn, hún sagði okkur fá sjálfri sér á tungumálunum sínum tveimur og seiddi þannig fram heimana tvo sem mætast í henni. Útkoman var ferðalag um landið okkar og löndin hennar, þar sem Hera var skipstjórinn og stýrði með gítarnum sem virkar eins og eðlileg framlenging á líkama hennar og listinni.

Dagskráin var síbreytileg, fljótandi en fyrst og fremst



Mynd: Alberto Marini.

heimilisleg. Tilfinningin fyrir því að vera boðin velkomin heim í stofu stafaði ekki bara af því að móðir Heru tók á móti gestum í dyrunum. Óskalög úr sal voru samstundis glædd lífi á sviðinu en þar spruttu líka fram gamlir vinir á borð við Davíð

Stefánsson, Vatnsenda Rósu og elsku Bubba. Hera er komin heim og við fengum að bjóða hana velkomna, og hún okkur. Það var engin tilviljun að stefið í loklaginu virkar bæði á íslensku og ensku, „Come in – Kom inn“.

-hrk

Sumartónleikar í Skálholti 27. og 28. júlí

Um liðna helgi fór fram Skálholtshátíð í blíðskaparveðri og margir góðir gestir sóttu Skálholt heim. Nú halda Sumartónleikar áfram um komandi helgi og ýmislegt áhugavert er á dagskrá.

Tíðin hefur verið góð í Skálholti í sumar, bæði hvað varðar tónlist og veður. Um komandi helgi hefst seinni helmingur hátíðarinnar. Að þessu sinni heim-sækja Skálholt Elja kammersveit og þær Lene Langballe cornettoleikari og Lára Bryndís Eggertsdóttir orgelleikari.

Hefð er fyrir því að á undan fyrstu tónleikum helgarinnar sé haldinn fyrirlestur um málefni tengd staðnum eða hátíðinni. Að þessu sinni verður fyrirlestur um Skálholt, sjálfsmynd staðarins og tækifæri. Þar veltir Helga Ögmundsdóttir, formaður hollvinafélags Sumartónleika, upp hugmyndum og spurningum um Skálholt, sjálfsmynd staðarins og tækifæri. Fyrirlesturinn er í Skálholtsskóla og hefst kl. 13:00

*Tónleikar laugardag og
sunnudag kl. 14:00:*

Eftir ólíkum leiðum

Á tónleikum Elju verður andlega hliðin innan heims nútímatónlistar skoðuð. Á efnisskránni eru verk eftir Báru Gísladóttur, Bergrínu Snæbjörnsdóttur, Dobrinku Tabakovu, Guðmund Stein Gunnarsson og Tatjönu Kozlova-Johannes. Verkin sem flutt verða eru ólík en gera hvert og eitt grein fyrir innri ró, hvert á sinn hátt.

Kammersveitin Elja er skipuð ungu, íslensku tónlistarfólki sem eru flest vel á veg komin með að skapa sér sess sem einleikarar, hljómsveitarspilarar og við hljómsveitarstjórn. Markmið



Elja kammersveit.



Lene Langballe cornettoleikari.



Lára Bryndís Eggertsd. orgelleikari.

hljómsveitarinnar er að bjóða upp á kraftmikinn og lifandi tónlistarflutning með nánd við áhorfendur og mun hún takast á við allar þær stefnur og form sem hljóðfæraleikararnir leitast eftir að túlka.

Tónleikar laugardag kl. 16:00:

**Cornetto - hljóðfæri
mannsraddarinnar**

Cornetto er ekki svo þekkt hljóðfæri í dag en á endurreisnartímanum og fyrri hluta barokk-

tímans var það vinsælast af tréblásturshljóðfærunum og var það mikið til vegna þess hversu það minnti á mannsröddina. Á tónleikunum mun danski cornetto- og blokkflautuleikarinn Lene Langballe ásamt Láru Bryndísi Eggertsdóttur, orgel- og semballleikara, flytja tónlist frá gullár-um cornettosins verk tónskálda á borð við Frescobaldi, Fontana, Bassano og Dowland

Enginn aðgangseyrir er tekinn að tónleikum en tekið er á móti frjálsum framlögum.

VERÐHRUN

Á ÚTSÖLUNNI

30-70%
AFSLÁTTUR

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Eyrangei 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Ráðherra heimsótti Þórbergssetur

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, heimsótti Þórbergssetur í þar síðustu viku og kynnti sér fjölbreytta starfsemi þess. Við það tækifæri undirrituðu ráðherra og Þorbjörg Arnórsdóttir, forstöðumaður Þórbergsseturs, samning um áframhaldandi stuðning mennta- og menningarmálaráðuneytis við setrið. Þórbergssetur er helgað sögu Suðursveitar og lífi og verkum Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar.

„Það er fróðlegt og skemmtilegt að sækja heim Þórbergssetur, ekki aðeins til þess að kynnast ævi og störfum Þórbergs og fá innsýn í hans magnaða hugarheim heldur má hér einnig fræðast um eldri íbúa svæðisins, papana í Klukkugili, landnámsmanninn Hrollaug og víkingabyggðina í Steinadal. Ég hvet landsmenn og annað ferðafólk eindregið til þess heimsækja fjölbreytt söfn og fræðslusetur vítt og breitt um landið, það er frábær leið til þess að upplifa söguna og kynnast landinu okkar betur,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra á heimasíðu ráðuneytisins.

Þórbergur Þórðarson (1888–1974) ólst upp á bænum Hala sem á þeim tíma var í einni afskekktustu byggð á Íslandi. Hlutverk Þórbergsseturs er að efla rannsóknir og umfjöllun um ævi, störf og ritverk Þórbergs og miðla fræðslu og þekkingu um hann, og sögu og mannlíf í Austur-Skaftafellssýslu, til ferðamanna og almennings. Þá eflir Þórbergssetur önnur fræðastörf sem tengjast söfnun, varðveislu og skráningu menningarminja í Suðursveit og Austur-Skaftafellssýslu.

Þorbjörg Arnórsdóttir forstöðumaður Þórbergsseturs og Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.



Stefnumót við Múlatorg

27. júlí kl. 11-17

Sumarhátíð Sumarhússins og garðsins laugardaginn 27. júlí frá kl. 11 til 17 að Fossheiði 1 á Selfossi.

Lifandi tónlist á pallinum, græðsla um hið græna. Líflegur markaður með plöntum, handverki og listmunum í garðinum og nágrenni hans.

Dagskrá

Hljómsveitin Skorsteinn leikur evrópska þjóðlagatónlist.

Fróðleikur um pottaplöntur

Pottaplöntuskipti, komdu með plöntur sem þú átt umfram og býttaðu við hina gestina.

Auður I. Ottesen ritstjóri Sumarhússins og garðsins leiðir gesti um garðinn kl. 14 og 16.

„Rósin“ veitt í fyrsta sinn, Hvatningarverðlaun Sumarhússins og garðsins.

Ljósmyndasýning Páls Jökuls: Blómin í Fossheiðargarðinum og landslagsmyndir.

Skordýrasýning og fræðsla um lífrænar varnir.

Markaður með lifandi plöntum og garðáhöldum.

Lista- og handverksmarkaður.

Ari ráðinn framkvæmdastjóri fjármála hjá HSU

Ari Sigurðsson hefur verið ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra fjármála við HSU frá 1. september 2019 til 5 ára. Hann tekur við starfinu af Þorbjörgu Guðnadóttur sem nú er tímabundið settur framkvæmdastjóri fjármála hjá HSU. Ari var valinn úr hópi 14 umsækjenda og uppfyllir mjög vel allar menntunar- og hæfniskröfur sem settar voru fram fyrir starfið. Hann er fæddur árið 1962 og lauk námi í viðskiptafræði (Cand.Oecon) frá Háskóla Íslands árið 1987 og MBA gráðu frá Norwegian Business School, BI Oslo árið 1993.

Ari hefur víðtæka reynslu og þekkingu af fjármálastjórn, áætl-

anagerð, samningagerð, innkaupum og starfsmannahaldi. Hann starfaði við sérfræðistörf á fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins með og eftir MBA nám. Þá var hann deildarstjóri við Sparisjóðabanka Íslands og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Myllunnar-Brauðs. Hann var framkvæmdastjóri Hjartaverndar 2002-2006. Eftir það starfaði Ari sem lána- og deildarstjóri



hjá Íslandsbanka (áður Glitnir). Á árunum 2011-2013 starfaði Ari sem sérfræðingur við fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins en hefur á síðustu fimm árum starfað sem fjármálastjóri Fjármálaeftirlitsins.

Vegna tengsla við nokkra umsækjendur tilkynnti Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri HSU heilbrigðisráðuneytinu um vanhæfi sitt til að taka ákvörðun um ráðningu í starfið og var Jóhanna F. Jóhannesdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sett að af hálfu heilbrigðisráðuneytisins, sem forstjóri HSU til að undirbúa og taka ákvörðun um ráðningu í starfið.

Ályktun um heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps sem haldinn var 9. júlí sl. var lagt fram erindi frá starfshópi sem hefur verið skipaður til þess að vinna að aðgengi nemenda í FSu að heimavist. Í erindinu eru sveitarfélög á Suðurlandi hvött til þess að standa sameiginlega að baki eftirfarandi áskorun til ríkisvaldsins um fjármagn til þess að reka heimavist við FSu:

„Eftirtalin sveitarfélög sem eru eigendur að Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) krefjast þess að starfrækt verði heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar.“

Greinargerð: „Frá og með árinu 2016 var starfsemi heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands hætt. Ungmenninn af stóru svæði sem þessi sveitarfélög spanna eiga þess ekki kost að nýta sér almenningssamgöngur til að sækja nám og því er um alvarlegan forsendubrest samstarfs um skólann að ræða. Til þess að ungmenni þessa svæðis njóti jafnréttis til náms er mikilvægt að unnið verði hörðum höndum við að koma upp heimavist við skólann.“

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti áskorunina samhljóða og fól sveitarstjóra að undirrita hana fyrir hönd Flóahrepps.



Garðapjónusta fyrir eldri borgara og öryrkja í Árborg

Tímabilinu 1. maí til 15. september veitir Sveitarfélagið Árborg eldri borgurum og öryrkjum niðurgreidda garðapjónustu. Framvísa þarf reikningi frá viðurkenndum verkta og skal reikningurinn vera útfærinn í samræmi við reglur, m.a. um virðisaukaskatt.

Niðurgreidd verk eru: sláttur grasflatar, rakstur og frágangur eftir slátt, s.s. að fjarlægja slægju, snyrting limgerða og frágangur, s.s. að hreinsa upp og fjarlægja afklippur. Einnig hreinsun beða og frágangur eftir hreinsun. Greitt er fyrir slátt að jafnaði hálfsmánaðarlega, eina limgerðissnyrtingu (limgerðissnyrting má vera frá aprílmánuði) og tvær beðahreinsanir (hámark 30.000 kr. hvor beðahreinsun á framangreindu tímabili). Hámarks kostnaður eldri borgara og öryrkja vegna garðsláttar skal alla jafna ekki vera hærri en 4.500

kr. ef um hefðbundinn garðslátt er að ræða. Ef kostnaður er óheyrilegur greiðir sveitarfélagið aldrei herra en 10.000 kr. af hverjum slátti. Afsláttur er ekki veittur vegna íbúða í fjölbýli þar sem rekstur fasteignar og lóðar er í umsjón og ábyrgð viðkomandi húsfélags. Þátttaka sveitarfélagsins er frá 40–50% þ.e. niðurgreiðslan tekur mið af tekjum umsækjenda. Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins fá 50% endurgreitt en aðrir 40%. Skila þarf inn upplýsingum um tekjur til starfsmanna hjá Fjölskyldusviði Árborgar. Umsækjendur geta veitt starfsmönnum heimild til að afla upplýsinga úr útsvarsskrá Sveitarfélagsins Árborgar. Þeir sem vilja nýta sér þessar niðurgreiðslur geta haft samband við Guðlaugu Jónu Hilmarisdóttur, deildarstjóra virkni- og stuðningsþjónustu hjá Sveitarfélaginu Árborg.



Matgæðingur vikunnar er Viðar Þór Ástvaldsson.

Takk kærlega fyrir áskorunina, Helgi, eða ekki! Ég er Suðurlandsmeistari á grillinu en þar sem það er á fárra færi að leika það eftir þá gef ég hér uppskrift að hveitilausri pizzu sem er ekki grilluð. Þessi uppskrift er alltaf gómsæt og hægt er að leika sér með álegg og krydd. Ekki skemmir fyrir að hún fer vel í maga þar sem hún er hveitilaus.



Viðar Þór Ástvaldsson.

Uppáhalds hveitilausa pizzan

170 gr. rifinn ostur
85 gr. möndlumjöl
2 msk. rjómaostur
1 egg
klípa af salti
1/2 tsk. þurrkað oregano eða gott pizzakrydd

Settu rjómaostinn og rifna ostinn í skál og inn í örbylgjuofninn á mesta hita í 1 mínútu. Taktu skálina út og hrærðu í blöndunni og settu hana svo aftur inn í 30 sekúndur.

Bættu þá við restinni af hráefnunum og blandaðu þeim varlega saman með sleif.

Settu blönduna á bökunarpappír og breiddu úr henni í þunn lag með bökunarsleif.

Stingdu allan botninn með gaffli, skelltu honum síðan inn í ofn í 12-15 mínútur eða þar til hann er farinn að fá smá gylltan lit. Taktu botninn þá út og settu á hann pizzasósu,

ost (piparost, rjómaost og rifinn pizzaost) og álegg að eigin vali, síðan fer hann aftur inn þar til áleggið og osturinn er bakað, gott er að setja hvítlauksolíu og klettsalat á sneiðarnar og bara að njóta.

Hér kemur svo uppskriftin að graslaukssmjörinu sem Helgi bað um. Uppskriftin hljómar upp á slatta af mjúku smjöri og dass af graslauk úr garðinum og eitt til tvö hvítlauksrif (fer eftir skammtastærð). Galdurinn er síðan að blanda því saman með töfrasprota í stað þess að sneiða laukinn niður því það gefur meira bragð og fallegri lit.

Í eftirrætt mæli ég með að lesendur Dagskrárinnar geri jarðarberjakökuna sem Helgi deildi uppskrift að í síðustu viku. Hún er svo góð að það verður að hafa hana tvær vikur í röð.

Ég skora á félagi minn Ómar Ásgeirsson, sem fluttur er til Ástralíu, að vera næsti matgæðingur og bjóða upp á eitthvað gott. Ekki kengúrukjöt eða tarantúlur samt, takk.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Allar atvinnuauglýsingarnar sem birtast í Dagskránni fara einnig inn á DFS.is

www.dfs.is/atvinna



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.
Blaðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraey 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Er í húsbíl oftast hann,
orðið haft um röskan mann,
hundsnafn þetta einnig er,
og svo skattur því er ver.

Svar við gátu í blaði 2507: **KETILL.**
2. lína: **Ketill þistill**

ÉG VIL VINNA **MEÐ ÞÉR**

Vilt þú verða hluti af faglegum, duglegum og skemmtilegum hópi starfsfólks á KFC? Hefurðu áhuga á að vinna fyrir eina stærstu skyndibitakeðju heims og eiga möguleika á að vinna þig upp og þróast í starfi? Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma og frábæra stemningu á vinnustað.

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Á KFC SELFOSSI

Við leitum að skipulögðum og framtakssömum einstaklingum á vaktir 2-2-3 eða í 100% starf. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Starfssvið:

Þjónusta við viðskiptavini, þökkun og afgreiðsla á mat, þrif, undirbúningur á morgnana og frágangur á kvöldin.

Hæfniskröfur:

- Góð íslenskukunnátta
- Metnaður í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna hratt og örugglega undir álagi
- Reynsla af veitingaþjónustu
- Þarf að geta hafið störf strax

Hefur þú áhuga á að slást í hópinn? Fylltu út umsóknarformið á www.kfc.is/atvinna Fyrirspurnir um störfin sendist á barbara@kfc.is

KFC®



Kæri nágranni! Velkomin í Apótekarann á Selfossi

Fyrir þá sem þurfa að taka lyf að staðaldri minnum við á lyfjaskömmtnunina okkar. Sjáumst á Austurvegi.



heimsending
á lyfjaskömmtnun

Opið fyrir þig

Austurvegur 3-5
mán-fim
frá 9-18

föstudaga
frá 9-18.30

laugardaga
frá 10-16

www.apotekarinn.is

Apótekarinn⁺
Selfossi



Af heilum hug þökkum við öllum þeim sem hafa sýnt okkur hlýju og vinarhug við fráfall okkar ástkæra

Árna Sverris Erlingssonar,
húsasmiðameistara og kennara.

Megi góðar vættir fylgja ykkur.

**Sigríður Sæland
Hulda, Rannveig
og fjölskyldur.**



Skaftárhreppur til framtíðar



Mikilvægt að vinna í samræmi við náttúruna. Hér sjást gervigarnir í Álftaveri og Mýrdalsjökull í baksýn. Ljósmynd. LM.

Framtíðarsýn skiptir máli í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, ásamt fleirum, hefur unnið að því að móta stefnu um hvert sveitarfélagið vill stefna. Framtíðarsýn Skaftárhrepps er: *Að verða eftirsóknarvert sveitarfélag þar sem heiðarleiki, samheldni, jafnræði og gagnkvæm virðing einkenna öfluga uppbyggingu. Samstarf einkenni samfélagið og íbúar séu jákvæðir og umburðarlyndir. Byggðir verði upp öflugir innviðir sér í lagi til stuðnings menntunar- og tómstundastarfi barna. Byggt verði upp dýnamískt samfélag þar sem kraftur, bjartsýni og frumkvæði ríki ásamt framsýni og metnaði*

Skaftárhreppur var eitt af þeim sveitarfélögum sem flokkadist undir að vera Brothætt byggð fyrir fáum árum og var verkefninu valið nafnið Skaftárhreppur til framtíðar. Það var mikil fólksfækkun í hreppnum og lítil atvinna en þar hefur nú orðið mikill viðsnúningur. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur ákveðið að horfa til framtíðar og nýta þá meðgjöf sem verið hefur á öllum sviðum og hafa Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til hliðsjónar við mótun framtíðarsýnar. Sveitarstjórnin fékk til liðs við sig Evu Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra og stjórnendaráðgjafa hjá Podium ehf., sem stjórnaði vinnunni. Hér á eftir verður í stuttu máli sagt frá hver var afrakstur þessarar vinnu.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru mörg og vinnan fólst í því að velja það sem skiptir mestu máli í Skaftárhreppi. Það er mikilvægt að horfa yfir sviðið og velja fyrir sér í byrjun hvaða gildi fólk telur mikil-

vægust, áður en farið er að ræða hvað við viljum gera. Gildi er víðtækt siðferðilegt hugtak um verðmæti sem einkenna samfélög og einstaklinga. Best er að skýra merkingu orðsins gildi með því að hugsa til mismunandi samfélaga í heiminum. Eru sömu gildi í Kóreu, Keníu og á Kirkjubæjarklaustri? Gildi geta tekið mið af trú og hefðum og endurspegla verðmætamat samfélagsins. Þau gildi sem valin voru í Skaftárhreppi eru:

- **Virðing.** Virðing fyrir þeim fjölbreyttu einstaklingum sem í sveitarfélaginu búa. Einnig fylgir því einlæg ósk um virðingu fyrir hinni einstöku náttúru sem er í sveitarfélaginu.
- **Jákvæðni.** Með jákvæðni að leiðarljósi byggjum við upp samfélag þar sem íbúar og gestir eru ánægðir. Að takast á við breytingar og verkefni dagsins af jákvæðni er mikilvægt í framtíðarsamfélagi Skaftárhrepps.
- **Samstaða.** Það er mikilvægt að sýna samstöðu og samkennd í því verkefni að byggja upp sterkt og gott samfélag þar sem allir njóta sín.
- **Sjálfbærni.** Sveitarfélagið ætlar að leggja áherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins á öllum sviðum og því verður sjálfbærni eitt af grunngildunum.

Þegar búið var að velja gildin var farið að skoða hvaða heimsmarkmiðum Sp er raunhæft að vinna að í byrjun. Valin voru fjögur markmið:

Heilsa og vellíðan

Þar er átt við að gæta þess að heilsugæslan, stofnanir fyrir börn og eldri borgara og fyrir-

Út í óvissuna

Seinni hluti

	Endurtaka
36	
35	
34	
33	XL, XXL
32	
31	L, XL, XXL
30	
29	
28	
27	
26	
25	
24	
23	
22	
21	
20	
19	M, L, XL, XXL
18	
17	
16	
15	L XL, XXL
14	
13	
12	
11	
10	
9	
8	
7	XXL
6	
5	
4	M, L, XL, XXL
3	
2	
1	

Fyrir hálfum mánuði birtist fyrri hluti uppskriftar að óvissupeysu og bíða margir spenntir eftir því að geta nú haldið áfram og helst að klára fyrir Verslunarmannahelgina.

Þegar búið er að sameina allar lykkjurnar af bol og ermum er byrjað að prjóna eftir meðfylgjandi mynstri sem sýnir liti og úrtökur. Einnig sést þar hvaða umferðir þarf að endurtaka í mismunandi stærðum.

Þegar mynstrinu lýkur er prjónið ein umf sl með aðallit. Þá er skipt aftur yfir í prj 4,5 og prj ein umf þannig: 2 sl, 2 br í sömu lykkju og eftir þetta 2 sl, 2 br þangað til kragi er orðinn hæfilega hár. Fellið laust af. Ef vill má sleppa því að auka út í fyrstu umferðinni og gera kraga sem brotinn er inn á og saumaður við.

Gangið frá endum og lykkið saman undir handvegum. Þvoið peysuna í volgu sápuvatni og leggið til þerris. Peysan verður dásamlega mjúk og létt og ótrúlega hlý.

Góða ferð og enn betri heimkomu!

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Hannyrðabúðin

Eyrangevi 23, Selfossi // 555-1314

tæki vinni að því að bæta heilsu og vellíðan. Aðstaða til íþróttaiðkunar er góð í hreppnum en alltaf má bæta aðstöðu og hvetja íbúa til að bæta eigin heilsu og vellíðan.

Nýsköpun og uppbygging

Grunnur að hverju samfélagi er að það sé vinna fyrir þá sem þar búa. Mikil uppbygging hefur verið síðustu ár, flest tengist ferðaþjónustu en margir aðrir möguleikar eru í sjónmáli. Þekkingarsetur rís á Kirkjubæjarklaustri innan skamms og þar með verða til margir möguleikar til vaxtar og samvinnu.

Sjálfbærar borgir og samfélög

Fólki var umhugað um að samfélagið verði byggt upp þannig að það ekki sé gengið á auðlindir, hvatt til minni neyslu og að endurvinnsla sorps verði sem best. Í vinnu við nýtt aðalskipulag verði ávallt haft í huga að gæta að náttúrunni og menningarminjum í umhverfi okkar. Skaftárhreppur mun vinna að þessu markmiði í samvinnu við Vatnajökulspjódgarð og Kötlu jarðvang.

Aðgerðir í loftslagsmálum

Skaftárhreppur vill vinna að því að hér verði losun gróð-

urhúsalofttegunda í lágmarki, leita leiða til að binda kolefni og beita sér fyrir því að nýta endurvinnanlega orkugjafa.

Skaftárhreppur hefur stigið fyrsta skrefið í þeirri vegferð að vinna eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til að bæta líf okkar allra í Skaftárhreppi til framtíðar. Þessari vinnu verður haldið áfram og reynt eftir mætti að virða lýðræði og vinna í sátt og samlyndi við íbúa sveitarfélagsins.

Lilja Magnúsdóttir,
kynningarfulltrúi
Skaftárhrepps.

Hveragerðisbær vilar og dílar með vörumerkið Eden

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðis 13. júní sl. var tekin fyrir ósk eigenda nýrrar ísbúðar í Hveragerði að nota vörumerkið Eden sem Hveragerðisbær hefur einkaleyfi á í flokki veitingaþjónustu og garðræktar. Þetta mál er um margt sérkennilegt og snýst í raun um hvort að verkefni sveitarfélags sé að kaupa, eiga og úthluta vörumerkjum til einkaaðila og í raun vera að skipta sér af því hvað fyrirtæki mega heita.

Vörumerkið Eden keypt 2010

Aðdraganda málsins má rekja til 24. júní 2010 þegar bæjarstjóri Hveragerðisbæjar sendi inn umsókn til Einkaleyfastofu um skráningu á vörumerkinu Eden. Á þeim tíma var verið að byggja upp Eden að nýju eftir erfiðan rekstur árin á undan og opnaði Eden að nýju í byrjun júlí 2010. Þannig keypti bæjarstjóri Hveragerði vörumerkið Eden nokkrum dögum áður en Eden opnaði að nýju undir því heiti. Það var svo 22. júlí 2011 sem Eden varð eldi að bráð og brann til kaldra kola.

Samkvæmt upplýsingum í bókun meirihluta Sjálfstæðisflokksins í Hveragerði á bæjarstjórnarfundum 13. júní sl. var vörumerkið Eden keypt árið 2010 til þess að vörumerkinu yrði haldið í Hveragerði og „það notað ef og þegar starfsemi er líktist sem mest þeirri starfsemi sem áður var í Eden yrði komið á laggirnar“. Þessi söguskoðun stenst þó enga skoðun þar sem vörumerkið var keypt áður en Eden brann og starfsemi lagðist niður eins og hefur komið fram.

Óeðlileg afskipti af atvinnulífinu

Það er mikilvægt að stjórnmálamenn, sem og embættismenn, hagi störfum sínum þannig að þeir leggi ekki stein í götu einkaaðila sem eru að byggja upp fyrirtæki og standa í rekstri umfram það sem nauðsynlegt er til að gæta almannahagsmuna. Augljóst er að eignarhald sveitarfélags á vörumerkjum einkafyrirtækja og afskipti af því hvað fyrirtæki mega heita er ekki til að gæta almannahagsmuna. Málið er einfaldlega að sveitarfélag á ekki að eiga vörumerki í þeim tilgangi að úthluta þeim til aðila sem meirihluti sveitarstjórnar telur þóknalegt til að nota það. Það er heldur ekki hlutverk sveitarfélags að vera allt umlykjandi aðili

Njörður
Sigurðsson,

bæjarfulltrúi
í Hveragerði



sem kaupir vörumerki fyrirtækja sem enn eru í rekstri. Það eru óeðlileg afskipti af atvinnulífinu.

Hveragerðisbær selji vörumerkið Eden

Á fundi bæjarstjórnar lögðu bæjarfulltrúar Okkar Hveragerðis til að Hveragerðisbær seldi vörumerkið Eden og þá gætu allir sem áhuga hefðu að eiga og nota vörumerkið möguleika á að kaupa það. Þessa tillögu felldi meirihluti Sjálfstæðisflokksins ásamt fulltrúa Framsóknarflokksins. Jafnframt höfnuðu sömu aðilar ósk eigenda ísbúðarinnar að fá að nota vörumerkið Eden á fyrirtæki sitt. Með þessu kann meirihlutinn að hafa sett bæjarstjórn í vanda þegar kemur að því að ákveða hvernig rekstur sé þessu heiti þóknalegt. Verður það að vera veitingaþjónusta í gróðurhúsi? Verða að vera spílkassar í húsinu og vélapi eins og var í Eden? Eða útskornar innréttingar eftir einn af listamönnum bæjarins? Hvenær verður fyrirtæki nógu verðugt til að bera heitið Eden? Slíkt mat verður alltaf huglægt. Nú liggur þetta huglæga mat hjá meirihluta Sjálfstæðisflokksins í Hveragerði, að ákveða hver fái vörumerkið Eden til notkunar. Hvergerðingar hljóta að spyrja hvort að það sé eðlileg og gagnsæ stjórnsýsla.

Sláttutraktorar



Verð frá
335.000



**NÝ SENDING
Á LEIÐinni!**



Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lönsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

„Nú er lag á Borg“

**Hin árlega harmonikuhátíð FHUR
verður haldin á Borg í Grímsnesi um
verslunarmannahelgina 2. – 5. ágúst**

Sérstakir gestir verða harmonikusnillingarnir Ásta Soffía Þorgeirsdóttir, Þingeyingur og Kristína Farstad Björðal, frá Noregi, en þær hafa slegið í gegn með stórkostlegum harmonikuleik. Tónleikar þeirra verða laugardaginn 3. ágúst.

Á Borg eru góð hjólhýsastæði, stór danssalur, glæsileg sundlaug, verslun, góðir harmonikuleikarar og vonandi jafn gott veður.

Glæsileg dagskrá alla helgina, dansleikir, tónleikar, markaður, harmonikukynning EG tóna og ýmislegt fleira.

Félag harmonikuunnenda í Reykjavík
Símar 894 2322, 696 6422, 864 8539



**Fjölmennum og tókum
með okkur góða gesti
og gott skap**



Almenn
Prentun



S. 482 1944
selfoss@prentmet.is



Nýi miðbærinn á Selfossi.



Nýtt fjölnota íþróttahús á íþróttavallasvæðinu við Engjaveg á Selfossi.

Tímamótasamþykktir í bæjarráði Árborgar

Á fundi bæjarráðs Árborgar sem haldinn var 18. júlí sl. voru nokkur veigamikil mál tekin fyrir og samþykkt. Þar var samþykkt að auglýsa útboð vegna byggingar fyrsta áfanga fjölnota íþróttahúss. Einnig útboð á fyrsta áfanga af fimm í landi Bjarkar. Í þeim áfanga verða lóðir fyrir 200 íbúðir. Þá var á fundinum samþykkt að sveitarfélagið verji allt að 10 milljónum króna í kynningar- og ímyndarherferð þar sem áhugasöm fyrirtæki á svæðinu munu einnig taka þátt.

Tómas Ellert Tómasson bæjarfulltrúi í meirihlutanum var spurður hvað þessar samþykktir fela í sér.

Byrjað á fjölnota íþróttahúsi í haust

„Með þessari samþykkt um íþróttamannvirki á Selfossi er komið ákveðið skipulag sem hægt er að vinna með til framtíðar. Heildarstærðin á íþróttamannvirkjunum hér við Engjavegin á Selfossi, þegar þær verða fullbúnar, verður um 22.000 fermetrar. Þetta verða nokkuð margir áfangar í heildina. Fjölnota íþróttahúsið, sem byrjað verður á, verður byggt í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn sem við erum að fara í núna og skiptist í þrjá verkþætti er um 6.500 fermetrar, en það er um 2/3 af fullri stærð hússins. Við gerum ráð fyrir að hann verði tekinn í notkun haustið 2021. Vonandi geta framkvæmdir hafist strax í haust. Þar verður knattspyrnuvöllur í hálfri stærð og góð frjálssíðprótaaðstaða með hlaupa- og göngu-brautum kringum völlinn. Höllin mun líka nýtast í ýmislegt annað eins og tónleika, sýningar o.fl.“

200 íbúðir í fyrsta áfanga í landi Bjarkar

„Við ætlum að nýja hverfið í landi Bjarkar muni innihalda fullgert um 700 íbúðir og nýjan grunn-, leik- og tónlistarskóla. Deiliskipulaginu þar var aðeins breytt á þessu ári þannig að við erum að vinna eftir örlítið breyttu skipulagi sem er orðið mjög gott og aðlaðandi. Þetta verður í raun mjög glæsilegt og eftirsóknarvert hverfi að búa í. Í fyrsta áfanganum af fimm sem við ætlum að fara í núna eru um 200 íbúðir. Við búumst við því að byrjað verði á gatnagerðarframkvæmdum í haust og einhverjar byggingarhæfar lóðir verði tilbúnar næsta sumar. Stefnt er að því að auglýsa í haust 140 lóðir í Bjarkarlandinu. Hinar 60 verða svo væntanlega auglýstar haustið 2020.“

Ímyndar- og kynningarherferð fyrir Sveitarfélagið Árborg

„Við samþykktum að fara í ímyndar- og kynningarherferð og þá aðallega með fyrirtækjum og framkvæmdaaðilum hér á Selfossi. Megininntak áðragsins verður að draga athygli að þeim jákvæðu breytingum sem hafa átt sér stað á Selfossi og þeim uppbyggjandi áhrifum sem þær munu hafa á næstu árum. Áhersluatriði áðragsins verða mannlíf, vöxtur og náttúra. Samhliða verða Eyrarbakki, Stokkseyri og Sandvíkurhreppur kynntir sem áhugaverðir staðir til heimsóknar, búsetu og atvinnureksturs. Það verða kannski annars konar kynningar á þeim stöðum. Það hefur aðeins vantað upp á slíkar kynningar eftir að Sveitarfélagið Árborg varð til. Þessir byggðakjarnar köfnuðu svolítið og Árborgarnafnið tók dálítið yfir.“

Um 1990 gerðu Selfyssingar mikið í því að kynna bæinn sinn sem miðstöð verslunar og þjónustu og annars á Suðurlandi. Þá var gengið fram með það að Selfoss væri höfuðstaður Suðurlands þar sem vegir lágu til allra átta. Síðan sofnaði það eiginlega eftir sameininguna. Menn hafa fram að þessu verið of feimnir við að draga fram sérkenni byggðarkjarna sveitarfélagsins en sveitarfélagið var sett saman úr þremur bæjum og einum sveitahreppi árið 1998.

Í þessari kynningu verður m.a. vakin athygli á nýja miðbænum og þeirri uppbyggingu sem sveitarfélagið er að fara af stað með í Bjarkarlandinu. Einnig nýju íþróttamannvirkjunum, nýjum grunnskóla í Bjarkarlandinu, nýjum leikskóla o.fl.

Fyrirtæki og framkvæmdaaðilar á Selfossi hafa sýnt mikinn áhuga á að koma að slíkri kynningarherferð, ásamt sveitarfélaginu, með það að markmiði að auðga mannlífið og fjölga hértækifærum. Efni kynningaráðragsins verður tekið upp nú í sumar og mun verða birt í flest öllum fjölmiðlum í haust og eftir áramót. Sérstök áhersla verður lögð á samfélagsmiðla, en einnig hefðbundna fjölmiðla.“

Gott samstarf í meirihlutanum

Tómas Ellert var spurður hvernig það væri að taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem er í Sveitarfélaginu Árborg um þessar mundir.

„Það er náttúrulega gríðarlega margt sem er í gangi í sveitarfélaginu núna. Við förum í skipulagsbreytingar sem hafa heppnast vel. Það er líka margt að gerast í fræðslumálunum og við höfum tekið umhverfismálin út fyrir sviga líka m.a. með því að setja á stofn umhverfisnefndina aftur. Sú nefnd mun m.a. koma að lausnum í fráveitumálum ásamt Eigna- og veitunefndinni, en við erum núna loksins komin með drög að nýju umhverfismati fyrir hreinsistöðina í hendurnar til rýni. Umhverfismatið verður svo sett í auglýsingu í byrjun haustsins.“

Það væri óskandi að hægt væri að byrja á fyrsta hluta þar strax á næsta ári því þetta mál hefur því miður tekið alltof langan tíma í undirbúningi og ekkert endilega við fyrri bæjarstjórnir að sakast í þeim efnum, þar sem að sveitarfélagið hefur þurft að eiga samtal vegna þessa við ráðuneyti, stofnanir ríkisins, hagsmunaaðila og fleiri aðila sem hafa tekið sinn tíma.

Sveitarfélagið okkar er á fleygiherferð og íbúum fjölgar ört. Núna frá 1. júní hafa t.d. bæst við 90 íbúar á Selfossi. Það er ekkert lát á íbúafjölguninni en það er bara skemmtilegt verkefni að takast á við, a.m.k. vildi ég ekki að það væri í hina áttina. Það er ákveðin áskorun að fást við þetta.

Sá meirihluti sem er núna til staðar í bæjarstjórninni er samansettur af fólki sem kemur úr ólíkum áttum. Okkur gengur ákaflega vel að vinna saman. Við skiptum með okkur verkum. Það vill bara þannig til að ég er í framkvæmdahlíðinni svo eru aðrir sem sjá um fræðslumálin, félagsmálin, íþróttamálin og stjórnun bæjarstjórnarfundanna. Verkaskiptingin hefur heppnast mjög vel. Það á líka við í skipulagsmálunum. Við erum alltaf í góðu sambandi og hittumst vikulega til að fara yfir málin þannig að samstarfið verður alltaf betra og betra.“


Viðtal: ÖG



Fyrirhugað byggingasvæði í landi Bjarkar.



Fyrsti áfangi fjölnota íþróttahúss. Efst á mindinni má sjá FSu, Hamar og Iðu.



 DOMINOS.IS  DOMINO'S APP

GREIDDU FYRIRFRAM MEÐ APPINU EÐA Á NETINU!

Þú getur flýtt fyrir og einfaldað pöntunarferlið með því að nota appið og vefinn. Þar getur þú pantað, greitt fyrirfram og fylgst með pöntuninni.



Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Selfoss í bikarúrslit

KNATTSPYRNA Selfyssingar tryggðu sér sæti í úrslitaleik Mjólkurbikarsins er þær unnu Fylki 0-1 í Árbænum á föstudag. Grace Rapp skoraði sigurmarkið á 75. mínútu eftir fyrirgjöf frá Önnu Maríu Friðgeirsdóttur.

Bæði lið fengu sín færi í fyrri hálfleik en tókst ekki að skora og staðan 0-0 er flautað var til leikhles. Selfyssingar voru síðan sterkari aðilinn í síðari hálfleik og lönduðu nokkuð öruggum sigri.

Í hinum undanúrslitaleiknum áttust við KR og Þór/KA á Meistaravöllum í Reykjavík. Þar höfðu KR-ingar sigur 2:0 og mæta því liði Selfoss í úrslitaleiknum sem fer fram á Laugardalsvöllum laugardaginn 17. ágúst kl. 16:00.

Stelpurnar í liði Selfoss eru á leið í úrslitaleik í bikarkeppninni í þriðja sinn en þær léku til úrslita 2014 og 2015. Nú leggjast allir á eitt og koma með bikarinn yfir brúna.



Stuðningsmenn Selfoss hafa verið duglegir að mæta á leiki og láta í sér heyra í sumar. Stuðningurinn verður sem aldrei fyrr á úrslitaleiknum í ágúst. Góð stemning og stuðningur skipta gríðarlega miklu máli. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Guðmundur Karl.

Sannfærandi sigur á Stjörnunni

KNATTSPYRNA Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði tvö mörk er Selfoss vann sannfærandi 3-0 sigur á Stjörnunni í 10. umferð Pepsi Max deildarinnar á JÁVERK-völlum í seinustu viku.

Eftir markalausan fyrri hálfleik kom Hólmfríður Selfyssingum yfir strax í upphafi síðari hálfleiks er hún skoraði af stuttu færi. Tuttugu mínútum síðar gerði Magdalena Anna annað mark Selfyssinga og Hólmfríður gulltrygðði svo sigurinn á 82. mínútu með góðu skallamarki.

Selfoss í 4. sæti deildarinnar með 16 stig og mætti Breiðabliki í gær. Næsti leikur er þriðjudaginn 30. júlí á móti HK/Víkingi á JÁVERK-völlum kl. 19:15.



Hólmfríður kom boltanum tvisvar í netið á JÁVERK-völlum. Ljósmynd: Fótbolti-net/Anna Þonn.


Selfyssingar tylltu sér á toppinn í 2. deildinni

KNATTSPYRNA Selfyssingar tylltu sér á topp 2. deildar með öruggum sigri á liði Fjarðabyggðar á Eskifirði á laugardaginn.

Það var Hrvoje Tokic sem kom Selfyssingum yfir með eina marki fyrri hálfleiks. Þór Llorens Þórðarson tvöfaldaði forystuna snemma í síðari hálfleik áður en Adam Örn Sveinbjörnsson gerði út um vonir heimamanna með marki á 71. mínútu. Fjarðabyggð klóraði í bakkann undir lok leiks en öruggur 1-3

sigur Selfyssinga ekki í hættu.

Selfoss vermir toppsætið með 23 stig eftir 12 umferðir en afar stutt er á milli liða á toppnum. Leiknir Fáskrúðfirði er í öðru sæti með 22 stig og Vestri í því þriðja eða 21 stig. Næst þar á eftir koma Víðir og Þróttur Vogum með 19 stig, ÍR og Dalvík/Reynir með 18 stig og svo Fjarðabyggð og Völsungur með 17 stig. Næsti leikur Selfoss er gegn Vestra á útivelli laugardaginn 27. júlí.



Glæsilegur árangur hjá 3. flokki Selfoss á USACUP

KNATTSPYRNA Umf. Selfoss sendi tvö lið til leiks á USACUP, knattspyrnumót sem fram fer í Blaine í Minneapolis í Bandaríkjunum ár hvert.

U15 ára liðið lék sex leiki á mótinu og vann alla. Liðið fékk einungis á sig tvö mörk á mótinu.

Úrslitaleikurinn var gegn heimaliðinu, Minnesota RUSH frá Minneapolis og fór hann 2-1.

Sindri Þór Arnarson skoraði

fyrsta markið og í upphafi seinni hálfleiks jöfnuðu Rush-liðar. Gunnar Rafn Borgþórsson þjálfari liðsins gerði þá þrefalda skiptingu og í næstu sókn stormuðu þeir Tryggvi Freyr Magnússon og Steinar Benoný Gunnbjörnsson upp kantinn með góðu þríhyrnungsspieli sem endaði með þrumuskoti Steinars á nærstöngina og boltinn söng í netinu. Selfoss hafði tögl og hagldir í leikn-

um eftir það og sigldu sigrinum í örugga höfn.

Eldra liðið U16 komst í undanúrslit en tapaði 0-2 í hörkuleik og endaði í 3.-4. sæti.

Keppendur á mótinu voru um 16.000 á aldrinum 9-19 ára og liðin um 1.300.

Kept er á 66 völlum National Sports Center í Blaine, úthverfi Minneapolis. Mánar má fræðast um mótið á www.usacup.org. mt



Selfyssingar mæta Malmö eða Moskvu í annarri umferð

HANDBOLTI Selfoss mætir annað hvort liði HK Malmö frá Svíþjóð eða HC Spartak Moskva frá Rússlandi í annarri umferð Evrópukeppni félagsliða (EHF Cup). Þetta varð ljóst þegar dregið var í fyrstu tvær umferðir keppinnar í höfuðstöðvum EHF í Vín í Austurríki í seinustu viku.

Selfyssingar hefja leik á útivelli í Malmö eða Moskvu fyrstu helgina í október og viku síðar koma mótherjarnir í heimsókn í Hleðsluhöllina.

Með sigri fer liðið áfram í þriðju umferð keppinnar en þangað komst Selfoss einmitt í fyrra hvar liðið lá fyrir sterku liði Azoty Pulawy frá Póllandi. Sigurvegaranna úr þriðju umferð biður sæti í riðlakeppni EHF bikarsins. esó/gj



Lið Selfoss komst í þriðju umferð EHF bikarsins á seinasta tímabili. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Góður árangur Selfyssinga á Akureyri

MÓTOKROSS Önnur umferð Íslandsmeistaramótsins í mótókross fór fram á Akureyri laugardaginn 13. júlí. Mótókrossdeild Selfoss átti fjölda keppenda á ráslínu og náðu nokkrir þeirra á pall.

Í flokki 85 cc varð Eric Máni Guðmundsson í öðru sæti eftir hörkukeppni. Bergrós Björnsdóttir varð sömuleiðis í öðru sæti í flokki 85 cc yngri. Alexander Adam Kuc, sem var í öðru sæti eftir fyrsta móto, varð því miður að draga sig úr keppni vegna

hjólabilunar og náði því ekki að klára daginn.

Í unglingaflokkki <17 massaði Bjarki Breiðfjörð Björnsson fyrsta sætið, Ólafur Magni Jónsson varð í þriðja sæti, Ármann Baldur Bragason í fjórða sæti og Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson í sjötta sæti.

Frábær dagur fyrir norðan í skemmtilegri braut. Þriðja umferð Íslandsmeistaramótsins fer fram í Ólafsvík laugardaginn 27. júlí. rb/mkk/gj



Systkinin Bjarki og Bergrós unnu til verðlauna á Akureyri. Ljósmynd frá foreldrum Umf. Selfoss.

Selfossmótið í knattspyrnu

KNATTSPYRNA Á hverju sumri eru haldin fjögur knattspyrnumót á Selfossi fyrir yngri iðkendur. Mótið eru stór partur af starf-

semi knattspyrnudeildar Selfoss og skapa mikið líf og stemningu á vallahvæðinu ár hvert. Deildin vill koma á framfæri þökkum til



Setmótið, fyrir yngra ár í 6. flokki karla, er stærst þeirra móta sem deildin heldur ár hvert en í ár tóku 620 strákar frá 23 félögum þátt. Mótið er haldið sömu helgi og Kótelettan og hefur myndast frábær fjölskyldustemning í bænum í kringum þetta frábæra mót.



Lindexmótið, fyrir 6. flokk kvenna, var haldið í þriðja skipti fimmtudaginn 6. júní. Meðþátt-taka var á mótinu í ár, tóku 416 stelpur frá 15 félögum þátt. Endaði mótið með verðlaunaafhendingu og skemmtiatriðum frá bræðrunum Ingó veðurguði og Gumma Tóta.

Set á Selfossi, Lindex og Olís, sem og þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem þarf til að svona mót geti farið fram ár hvert.

Í ágúst fer Ólímótið, elsta mót deildarinnar, fram þar sem leikmenn í 5. flokki karla koma saman 15. árið í röð og keppa við frábærar aðstæður á JÁVERK-völlum.



Selfossmótið, fyrir yngra ár 7. flokks karla, var haldið 1.-2. júní þar sem 380 strákar frá 10 félögum tóku þátt. Ljósmyndir: Sporthero.

UMFÍ

Skráningu á ULM lýkur á þriðjudag

Skráningu á Unglinga-landsfótballsmót UMFÍ á Höfn í Hornfirði lýkur þriðjudagskvöldi 30. júlí.

Mótgjald er 7.500 kr. á hvern einstakling 11–18 ára sem skráir sig til þátttöku. Greiða þarf gjaldið til að geta klárað skráningu. Aðrir mótsgestir greiða ekkert gjald en geta þó tekið þátt í fjölbreyttri afþreyingu og verkefnum sem boðið er upp á. Skráning og greiðsla fer í gegnum greiðsluþjónustukerfið NORA.

Á mótinu geta þátttakendur valið úr fjölmörgum ólíkum keppnisgreinum. Greinarnar eru: biathlon, bogfimi, fimleikalíf, fimleikar (stökkfimi), frísbíggj, frjálsar íþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, knattspyrna, kökuskreytingar, körfubolti, mótocross, pílu-kast, skák, skotfimi, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund og upplestur.

Öll kvöld verður boðið upp á kvöldvörð þar sem ýmsir listamenn koma fram: **Fimmtudagur 1. ágúst:** DJ Sura. **Föstudagur 2. ágúst:** Úlfur Úlfur og Salka Sól. **Laugardagur 3. ágúst:** Daði Freyr og Bríet. **Sunnudagur 4. ágúst:** GDRN og Una Stef & the sp74.

Einnig er fjölbreytt dagskrá og afþreying fyrir alla mótsgesti yfir allt mótið. Börn yngri en 10 ára geta tekið þátt í ýmsu án endurgjalds t.d. fót-boltamóti og frjálsíþróttaleikum o.fl. Tjaldsvæðið er ókeypis fyrir mótsgesti og fjölskyldur þeirra en greitt er fyrir afnot af rafmagni. Tjaldsvæðið er í göngufæri við aðalkeppnis-svæðið. Tjaldsvæðið opnar á hádegisfimmtudaginn 1. ágúst. Mótinu lýkur svo með flugeldasýningu á sunnudagskvöldinu.

Ólafía Ósk setti fjögur HSK-met á Íslandsmóti fatlaðra

ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA Ólafía Ósk Svanbergisdóttir úr Íþróttafélaginu Suðra tvíbætti HSK-metinn í kringlukasti og kúluvarpi í sínum fötlunarflokki á Íslandsmóti fatlaðra í frjálsum sem haldið var í Hafnarfirði 6. júlí sl. Ólafía keppir í flokki F35–38.

Ólafía Ósk varð Íslandsmeistari í kringlukasti og setti HSK-met, kastaði kringlunni fyrst 16,81 metra og síðan 19,22 en gamla metið átti hún sjálf 15,73. Hún kastaði kúlunni 7,86 og 7,94 sem var tvíbæting á gamla HSK-metinu og varð í öðru sæti.

Einnig keppti Sigríður Sigurjónsdóttir á mótinu fyrir Suðra og hún kom heim með tvö silfur og eitt brons.



Ólafía Ósk Svanbergisdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir.



Björk Steindórsdóttir kemur í mark í Laugavegshlaupinu.

Björk með HSK-met í Laugavegshlaupinu

FRJÁLSÍÞRÓTTIR Björk Steindórsdóttir á Selfossi sem keppir með Frískum Flóamönnum setti HSK-met í sínum aldursflokki í Laugavegshlaupinu á dögunum, hún hljóp á 07:09:42 klst. Hún stórbætti met Elínar Úlfarsdóttur

sem var 8:48:02 klst. Þetta var í 12. sinn sem Björk hleypur Laugavegshlaupið sem er frábært afrek.

Um 20 Sunnlendingar tóku þátt í hlaupinu í ár. Heildarúrslit má sjá á www.hlaup.is.

Selfoss HK/Víkingur

UMF SELFLOSS 1936

JÁVERK Völlurinn

Þriðjudaginn kl. 19:15

JAKO Apótekarinn

Selfoss ÍR

2. deild karla

UMF SELFLOSS 1936

JÁVERK Völlurinn

Miðvikudaginn 31. júlí kl. 19:15

JAKO Apótekarinn



Njarðarblót í Hveragerði

Ásatrúarfélagið stendur fyrir blóti í lystigarðinum á Fossflöt í Hveragerði sunnudaginn 28. júlí kl. 13:00.

Haukur Bragason Suðurlandsgoði helgar blótið.

Safnast verður saman fyrir framan lystigarðinn, á horni Breiðamerkur og Skólamerkur.

Eftir athöfn eru blótsgestir boðnir í kaffi á veitingastaðnum Varmá.

Allir eru velkomnir, félagsmenn sem aðrir.

Eva María Íslandsmeistari í hástökki

FRJÁLSÍÞRÓTTIR 93. Meistaramót Íslands fullorðna í frjálsíþróttum var haldið á Laugardalsvelli helgina 13.–14. júlí sl. HSK/Selfoss átti átta keppendur á mótinu, fjórir þeirra komust á verðlaunapall.

Eva María Baldursdóttir varð Íslandsmeistari í hástökki, stökk 1,75 m og jafnaði þar með sinn besta árangur í greininni. Fjóra Signý Hannesdóttir varð önnur í 400 m grindahlaupi kvenna, hljóp á 62,12 sek. og vann brons í 100 m grindahlaupi, hljóp á 14,66 sek. Dagur Fannar Einarsson varð annar í 400 m grindahlaupi á 57,81 sek. Hildur Helga Einarisdóttir varð önnur í spjótcasti með kast upp á 37,76 metra.



Eva María Baldursdóttir UMF Selfoss hefur náð frábærum árangri í hástökki í sumar.

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klíð. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Selfossi í ágúst.

Selfoss
6. ágúst 2019

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

í Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:

1. **Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Launrétt L167386 og Laugargerði L167146 í Laugarási.**

Breytingartillagan felur í sér að lóðinni Launrétt 1 L167386 í Laugarási, er breytt úr reit sem merktur er í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samfélagsreitir, í verslunar- og þjónustureit, þannig að heimilt verði að gefa út rekstraleyfi í fl. II á lóðinni vegna sölu á gistingu. Þá er gerð breyting á lóðinni Laugargerði L167146, þar sem landnotkun lóðar verði breytt úr landbúnaðarlóð í verslunar- og þjónustulóð þar sem heimilt verði að vera með garðyrkjustöð auk veitingarekstur og veitingasölu.

2. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Leynir Rimatjörn L207855, breytt landnotkun.**

Aðalskipulagsbreytingin felst í að svæði frístunda- byggðar (F42) er minnkað um 9 ha, og þeirri landnotkun breytt í landbúnaðarland. Samhliða breytingunni er auglýst samsvarandi breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

3. **Breyting á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Hhaus 2 L192333. Breytt landnotkun. Íbúðar- og frístundasvæði.**

Auglýst er tillaga að breytingu á gildandi aðal- skipulagi Flóahrepps 2017-2019, sem felst í breytttri landnotkun á um 1,5 ha svæði úr landbúnaðar- og skógræktarsvæði yfir í íbúðarsvæði. Þá verður frístundasvæði (F16) sem í núgildandi aðalskipulagi, þ.e. norðurhluti þess svæðis um 2 ha fellt niður og gert að landbúnaðarlandi. Frístundahúsasvæði sem eru syðst á svæði SL-6 eru nú færð inn skv. gildandi deiliskipulagi. Þá verði einnig heimiluð stök lóð um 0,4 ha norðarlega innan skógræktarsvæðis SL-6.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagslýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

4. **Lýsing deiliskipulags. Foss-lækur. Fjallaskáli/ fjallasel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Foss- læk, fjallaskáli/fjallasel í Hrunamannahreppi. Afmörkuð verður um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á af- þreyingar- og ferðamannasvæði.

5. **Lýsing deiliskipulags. Leppistungur. Fjallaskáli/ fjallasel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Leppistungur, sem mun taka til svæðis um 5 ha að

stærð. Afmörkuð verður um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á af- þreyingar- og ferðamannasvæði.

6. **Lýsing deiliskipulags. Miklöldubotnar. Fjalla- skáli/fjallasel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Miklöldubotna í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 5 ha lóðar. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

7. **Lýsing deiliskipulags. Frægðarver. Fjallaskáli/ fjallasel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Frægðarver í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 2 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum. Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að stað- um. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar og ferðamannasvæði.

8. **Lýsing deiliskipulags. Rofshólar. Fjallaskáli/ fjallasel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Rofs- hóla í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 1 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum. Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningar- stað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamanna- hrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

9. **Lýsing deiliskipulags. Heiðará. Fjallaskáli/fjalla- sel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Heiðará í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 10 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Stað- urinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mann- virki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatns- bóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

10. **Lýsing deiliskipulags. Helgaskáli. Fjallaskáli/ fjallasel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Helgaskála í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 20

ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

11. **Lýsing deiliskipulags. Efri-Kisubotnar. Fjalla- skáli/fjallasel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Efri- Kistubotna í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði

12. **Lýsing deiliskipulags. Grákkollur. Fjallaskáli/ fjallasel á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Grá- koll í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

13. **Lýsing deiliskipulags. Svínárnes. Fjallaskáli/ skálasvæði á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Svín- árnes í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 m². Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

14. **Lýsing deiliskipulagsbreytingar í Kerlingafjöll- um. Afmörkun lóðar við hesthús hjá hálendis- miðstöð á Hrunamannafrétti.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagsbreytingu fyrir lóð utan um hesthús í Kerlingafjölum í Hruna- mannahreppi. Deiliskipulagsbreytingin mun taka til afmörkunar á um 1 ha lóð fyrir núverandi hesthús. Heimilt verður að stækka núverandi hesthús í allt að 150 m². Á staðnum er rekin ferðaþjónusta og eru mannvirki í eigu rekstraraðila fyrir utan hesthús sem er í eigu Hrunamannahrepps. Í Aðalskipulagi Hruna- mannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem hálendismiðstöð á afþreyingar- og ferðamanna- svæði.

15. **Lýsing deiliskipulags. Bjarkarlækur L224049, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Íbúðarhús, gestahús og skemma.**

Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir

spilduna Bjarkarlæk. Deiliskipulagssvæðið tekur til alls lands Bjarkarlækjar sem er um 9,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum undir íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk skemmu og hesthúss. Aðkoma er af Biskupstungnabraut um Bjarkarveg (nr. 3759) og er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu af honum um 100 m norðan við Lækjarbraut (nr. 3759).

16. Lýsing deiliskipulags. Snæfoksstaðir frístunda- byggð. Endurskoðun deiliskipulags.

Kynnt er skipulagslýsing vegna endurskoðunar á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða gamalt deiliskipulag (1999) sem tók til um 76 ha svæðis frístundabyggðar og 47 lóða. Deiliskipulagið mun verða endurskoðað í heild sinni, og uppfært að núgildandi lögum og reglugerðum, auk þess sem lóðir verðar hnitsettar, vegheiti verða uppfærð auk þess sem hugað verður að öryggisþáttum, svo sem flóttaleiðum vegna neyðartilfella.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagstillaga fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

17. Deiliskipulag 1904036-Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Frá Haki að Leirum. Bláskógabyggð.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er vestan megin í þjóðgarðinum og nær svæðið yfir meginaðkomu- svæði ferðamanna, þinghelgina og þjónustusvæði frá Haki að Leirum. Skipulagssvæðið er 4,2 km². Vegna síaukinnar ásóknar ferðamanna er þörf á að bæta aðstöðu ferðamanna á Þingvöllum. Í deiliskipulagi verður nýrri þjónustumiðstöð fundinn staður og útfært hvernig flæði ferðamanna um þjóðgarðinn er best háttað til framtíðar.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

18. Deiliskipulag, Þingvellir, Bratti í Botnsúlum, fjallaskáli í Bláskógabyggð.

Deiliskipulagið tekur til Bratta í Súlnadal í Botnsúlum. Á staðnum var lítill skáli sem hefur verið fjarlægður. Til stendur að reisa nýjan skála allt að 80 m² að stærð fyrir allt að 30 manns í gistingu. Ekki er vegur að staðnum og ekki heimilt að aka að skálanum. Svæðið er í Aðalskipulagi Bláskóga- byggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

19. Deiliskipulag, Svartárbotnar (Gíslaskáli) fjalla- skáli, afréttur norðan vatna í Bláskógabyggð.

Deiliskipulagið tekur til Svartárbotna (Gíslaskála) á Kili í Bláskógabyggð. Á staðnum er rekin þjónusta við ferðamenn þar er einnig gangnamannahús og aðstaða til að taka á móti hestahópum. Í Gíslaskála

er gistiþláss fyrir 45-50 manns. Til stendur að stækka skálann fyrir allt að 70 manns í gistingu. Einnig stendur til að bæta aðstöðu fyrir hesta. Aðkoma er af Kjalvegi. Á svæðinu er núverandi 270 m² svefnskáli, 96 m² hesthús og 20 m² starfs- mannahús. Svæðið er í Aðalskipulagi Bláskóga- byggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

20. Deiliskipulag, Geldingafell, fjallaskálar, fram- afréttur í Bláskógabyggð.

Deiliskipulagið tekur til skálasvæðis í Geldinga- fellu á Kili vestan við Bláfell. Á svæðinu eru alls 7 byggingar, ýmist fyrir starfsfólk og búnað vegna þjónustu vélsleðaferða á Langjökul. Aðkoma er af Kjalvegi um Skálpanesveg. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 manns. Einnig er gert ráð fyrir byggingum fyrir búnað vegna ferða á Langjökul. Stærð svæðisins er um 2 ha. Geldingafell er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem skálasvæði.

21. Deiliskipulag, Árbúðir, fjallaskáli ofl, afréttur norðan vatna í Bláskógabyggð.

Deiliskipulagið tekur til Árbúða sem eru við Svartá, skammt norðan við Hvítá á Kili, og er aðkoma af Kjalvegi. Á svæðinu eru alls 4 byggingar, ýmist fyrir gisti- og þjónustu, starfsfólk, salernisaðstöðu og hesthús. Til stendur að auka gisti- og veitingaað- stöðu fyrir allt að 70 manns. Stærð svæðis er um 2 ha. Árbúðir eru í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem hálendismiðstöð.

22. Deiliskipulag, Skálpanes, fjallaskáli, fram- afréttur í Bláskógabyggð.

Deiliskipulagið tekur til Skálpaness sem er við Langjökul, nokkuð vestan Geldingafells. Aðkoma er af Kjalvegi um Skálpanesveg. Á svæðinu eru alls 2 byggingar, fyrir ferðapjónustu og starfsfólk. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, einungis viðhaldi á núverandi mannvirkjum. Stærð svæðis er um 2 ha. Skálpanes er í Aðalskipulagi Bláskógabyggð- ar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

23. Deiliskipulag, Fremstaver, fjallaskáli, frama- fréttur í Bláskógabyggð.

Deiliskipulagið tekur til Fremstavers sem er sunn- an við Bláfell, vestan Hvítár. Aðkoma er af Kjalvegi. Nokkur gróður er umhverfis húsið og einnig hafa verið útbúin áningarhólf fyrir hesta. Á svæðinu eru alls 3 byggingar, ýmist fyrir ferðapjónustu, salern- ishús og hesthús. Gistiþláss er fyrir 30 manns. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 manns og bæta aðstöðu reiðhópa. Stærð svæðis er um 2 ha. Fremstaver er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjalla- sel.

24. Deiliskipulag fyrir Kjarnholt Ferðapjónustu, frístundabyggð og íbúðarhús. Bláskógabyggð.

Deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar auk gisti-

og ferðapjónustu. Um er að ræða 20 ha svæði á jörðinni Kjarnholt í Bláskógabyggð. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum undir þjónustu og gistihús, einni lóð undir íbúðarhús, 11 lóðum undir frístundabyggð og 14 lóðum undir smáhýsi.

25. Deiliskipulagsbreyting. Launrétt 1 Inr. 167386 Laugarási. Bláskógabyggð.

Breytingin felur í sér að lóðinni Launrétt 1 í Laugar- ási (landnr. 167386) verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þannig að heimil verði sala gistingar í atvinnuskyni.

26. Deiliskipulagsbreyting. Laugargerði L167146 í laugarási. Bláskógabyggð.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skil- greindir eru 3 byggingarreitir. Íbúðarhúsareitur, spennistöðvarreitur og reitur þar sem veitt er heimild fyrir verslun og þjónustu vegna reksturs veitinga- og kaffihúss.

27. Deiliskipulag Hvönn L227468. Íbúðarhús, skemma, hesthús, ylræktarhús. Bláskóga- byggð.

Deiliskipulagið tekur til 3,1 ha spildu úr, lögbýlinu Hvönn, L227468, sem er nýbýli út úr jörðinni Torfa- staðir í Bláskógabyggð. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, skemmu, hesthúss og ylræktarhúss. Aðkoma verður um Miklaholtsveg inn á land Hvannar.

28. Deiliskipulag Hellnaholt, Fossnesi. Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Deiliskipulagið tekur til um 21 ha svæðis, átta frístundalóða og einnar landbúnaðarlóðar, auk byggingarreita fyrir íbúðarhús og hesthús. Aðkoma að jörðinni er af Gnúpverjavegi nr. 325 og um núverandi aðkomuveg að frístundahúsum norðan hans. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynn- ingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast lýsingar og tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna.

Skipulagslýsingar og tillögur nr. 4 - 17 eru í kynningu frá 24. júlí til 14. ágúst 2019 en tillögur nr. 1 - 3 og nr. 18 - 28 eru í auglýsingu frá 24. júlí til 4. september 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 4 - 17 þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 14. ágúst 2019, en fyrir tillögur nr. 1 - 3 og 18 - 28, eigi síðar en 4. september 2019. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson,
skipulagsfulltrúi
runar@utu.is

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingar í
s. 482 1944 eða á auglysingar@dfs.is.



Guðdómleg klassík í Strandarkirkju

Guðdómleg klassík er yfirskrift næstu tónleika á tónlistarhátíðinni Englar og menn í Strandarkirkju nk. sunnudag 28. júlí kl. 14.

Þar koma fram Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópran, Sunnlendingurinn Egill Árni Pálsson tenór og Hrönn Helgadóttir

organisti. Á efnisskránni eru íslensk sönglög eftir Eyþór Stefánsson, Jón Ásgeirsson og Gunnar Þórðarson ásamt ariðum, dúettum og kirkjutónlist eftir R. Wagner, G. Verdi, J. Massenet, C. Gounod, Stradella o.fl. Þá verða frumflutt á tónleikunum tvö verk eftir Ólaf B. Ólafsson.



Fyrstu eintök Flóamannabókar koma út 2020

Um þessar mundir er verið að skrifa Flóamannabók. Staða verkefnisins var kynnt á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 9. júlí sl. Guðni Ágústsson, Jón M. Ívarsson og Veronika Narfadóttir mættu til fundarins. Þau þökkðu Flóahreppi fyrir stuðning við Flóamannabók og kynntu stöðuna á verkefninu. Gert er ráð fyrir að fyrstu tvær bækurnar um Hraungerðis-hrepp komi út fyrri hluta árs 2020. Sveitarstjórn Flóahrepps lýsti yfir ánægju með verkið og framgang þess og þakkaði stjórn Flóamannabókar og bókarritara.



Mynd: Facebooksíða Flóamannabókar. Kristján Jóhann Kristjánsson, Eggert Kristjánsson, Óli í skóbúðinni og Sigurður Pálsson í Hraungerði.



Jökulsárlón. Ljósmynd: Hugl Ólafsson/Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Vatnajökulsþjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO

Vatnajökulsþjóðgarður er kominn á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Ákvörðun þess efnis var tekin á fundi heimsminjanefndar UNESCO í Bakú í Aserbaídsjan 5. júlí sl. á grundvelli þess að þjóðgarðurinn hafi að geyma einstakar náttúruvinnur. Þar með er staðfest að náttúra þjóðgarðsins og friðlandsins í Lónsöræfum teljist hafa einstakt gildi fyrir mannkynið.

Svæðið er einstakt á heimsvísu vegna sköpunarkrafta náttúrunnar, samspils elds og íss og þeirrar jarðfræðilegu fjölbreytni sem af því leiðir og er sýnileg á yfirborði þjóðgarðsins. Landsvæðið sem um ræðir er afar stórt og um 12% Íslands eru þannig komin á heimsminjaskrá UNESCO sem einstakar náttúruvinnur.

Tillaga ríkisstjórnarinnar um að Vatnajökulsþjóðgarði yrði bætt á heimsminjaskrána var afhent skrifstofu heimsminjasamningsins í París í lok janúar 2018. Frá þeim tíma hefur tillagan verið til gaumgæflegar skoðunar og úttektar hjá Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum IUCN sem eru heimsminjanefndinni til aðstoðar við að meta heimsminjagildi, upprunaleika, heilleika og verndarstöðu staða sem tilnefndir eru á skrána vegna náttúrufars. Auk þess að vera viðurkenning á einstakri náttúru Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsvísu er ákvörðun heimsminjanefndarinnar viðurkenning á þeirri ákvörðun íslenskra stjórnvalda að stofna þennan víðfeðma þjóðgarð og mikilvægur stuðningur við verndun og stjórnun svæðisins.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra: „Þetta er dýrmætt skref fyrir okkur Íslendinga sem án efa verður lyftistöng fyrir svæðið og orðspor þess. Við berum ábyrgð á þessu stórbrotna landi, ekki aðeins fyrir okkur sjálf – heldur heiminn og framtíðina. Ég fagna þessum mikilvæga áfanga og þakka þeim fjölmörgu sem unnið hafa ótullega að þessu markmiði undanfarin ár.“

Guðmundur Ingi Guðbrands-son, umhverfis- og auðlindaráðherra: „Náttúra svæðisins sem nú fer inn á heimsminjaskrána er stórbrotin – með ævintýrlegum hraunmyndunum, svörtum söndum, fágætum gróðurvinjum, víðernum sem eiga sér fáa líka, minjum um stórkostleg hamfarahlauð og jöklum sem geyma ótrúlega sögu og endurspegla um leið loftslagsvána. Afar óvenjulegt er að svo stór hluti lands sé á heimsminjaskrá UNESCO. Þetta er sannarlega gleðidagur.“

Heimsminjasamningur Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins grundvallast á þeirri forsendu að ákveðnir staðir á jörðinni hafi sérstakt alþjóðlegt gildi og eigi sem slíkir að tilheyra sameiginlegri arfleifð mannkynsins. Með samningnum viðurkenndu ríki nauðsyn verndunar þar sem það er talið skaða arfleifð allra þjóða heims ef einhver hluti hinnar menningarlegu eða náttúrulegu arfleifðar spillist eða hverfur. Ísland á þegar tvo staði á heimsminjaskránni, Þingvelli (2004) og Surtsey (2008).



Heildarlausnir í prentun

Umweltfreundliche Druckerei



Hrein orka



Tækjasturur lágmarkar orkunotkun



Umweltfreundliche Druckerei pappír notaður við framleiðsluna



Umweltfreundliche Druckerei farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA
5 600 600 www.prentmet.is

Stígum græna skrefið alla leið

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS





Anna Ingadóttir, deildarstjóri skólaþjónustu Árborgar, Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur, Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar og Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri. Mynd: Árborg.



Bryndís ásamt Önnu Stefaniú Vignisdóttur, talmeinafræðingi og Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra í Hveragerði.

Höfðingleg gjöf til leikskóla

Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur kom færandi hendi í Ráðhús Árborgar, þriðjudaginn 16. júlí sl. með þjálfunarefni sem bætir framburð barna, eykur orðaforða og undirbýr læsi. Bryndís kom einnig sama dag með sams konar gjöf á skrifstofu Hveragerðisbæjar sem hún færði leikskólabörnum á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Bryndís er í samstarfi við IKEA, LÝSI, Marel, Raddlist og hjónin Björgólf Thor og Kristínu Ólafsdóttur um að gefa öllum leikskólum á Íslandi þjálfunarefni sem bætir framburð barna, eykur orðaforða og undirbýr læsi.

Bryndís hefur starfað í rúmlega 30 ár sem talmeinafræðingur og hefur m.a. gefið út námsefni

undir heitinu *Lærum og leikum með hljóðin* sem ætlað er öllum barnafjölskyldum og skólum. Námsefnið byggir á fagþekkingu talmeinafræðinnar, rannsóknnum og reynslu Bryndísar af því að vinna með börnum, foreldrum og fagfólki í skólum. Efnið hefur hlotið ýmsar viðurkenningar. Í tilefni af þessum tímamótum í starfi hefur Bryndís ákveðið að gefa efnið til allra leikskóla hér á landi. Það var mögulegt með eigin framlagi og stuðningi ofangreindra fyrirtækja og einstaklinga sem leggja áherslu á að hlúa þurfi að íslenskunni og læsi barna.

Allir leikskólar á landinu, fá nú í sumar, heildstætt efni úr *Lærum og leikum með hljóðin* að gjöf til að nýta í starfi sínu með

leikskólabörnum. Aukaefni eins og púsl, límmiðar og vinnuvundur, sem styðja við hljóðanamið með fallegum stafamyndum, fylgir með í skólapökkunum. Einnig munu fimm íslensk smáforrit fyrir iPad vera gefin samhliða til skóla og foreldra íslenskra barna.

Mikilvægt er að leggja grunn að læsi frá unga aldri með áherslu á þá þætti sem rannsóknir sýna að skipta meginmáli fyrir framtíðarnám barna. Lærum og leikum með hljóðin kennir framburð hljóða, hljóðavitund og bókstafi, þjálfar hljóðkerfisþætti, eykur orðaforða og hugtakaskilning, auk þess að gefa fyrirmynd að setningagerð og mörgum málfræðipáttum íslenskunnar. Bryndís mun svo fylgja efninu eftir með vefnámskeiðum.

Allir vilja fallett bros

Hraðaskilti virka vel til að stemma stigu við hraðakstri

Framkvæmdirnar við fyrsta áfanga tvöföldunar Suðurlandsveggar milli Hveragerðis og Selfoss ganga vel. Þetta kemur fram í stuttu viðtali við Ágúst Jakob Ólafsson, yfirverkstjóra hjá Íslenskum aðalverktökum á heimasíðu Vegagerðarinnar. „Við erum nokkurn veginn á áætlun þrátt fyrir einhverjar tafir og stefnum að því að klára verkið um miðjan október.“

Í maí var umferð hleypt á hjáleið um Ölfusveg og segir

Ágúst umferðina hafa gengið mjög vel. „Sáralitlar truflanir eða tafir hafa orðið. Umferðarhraðinn mætti vera heldur hóflegri og svo er fólk að taka framúr sem er ekki leyfilegt á þessum kafla. Menn hafa því verið að flýta sér heldur mikið sumir hverjir.“

Til að hvetja vegfarendur til að virða lægri hámarkshraða hefur ÍAV sett upp hraðaskilti við vestari enda hjáleidarinnar. Hraðaskiltin eru í formi broskarlar sem brosa og lýsa grænir þegar hraði bíla er undir hámarkshraða en gretta sig með fýlusvip og rauðum lit ef ekið er yfir hámarkshraða.

„Við settum upp tvo broskarlar fyrir nokkrum dögum og þeir virka mjög vel. Einhvern veginn virðist innbyggð í fólk að sækjast eftir broskarli en vilja ekki fýlukarl. Vilja ekki allir fá fallett bros?“ segir Ágúst og brosir sjálfur glaðlega enda gaman þegar gengur vel.



Broskarl við vestari enda hjáleidarinnar.

Séð yfir framkvæmdir við breikkun Suðurlandsveggar milli Hveragerðis og Selfoss. Myndir: Vegagerðin/ÍAV.

Ræstingarfólk óskast í Kerbyggð Grímsnesi

Kerbyggð orlofshús í Grímsnesi óskar eftir að ráða starfsmenn í ræstingu og móttöku á gestum í 50–100% starf sem fyrst. Vinnutími er sveigjanlegur. Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið: isakvjohannsson@gmail.com eða hringja í síma 822 5588.

Kerbyggð Houses in Grimsnes looking for cleaning staff

Kerbyggð Luxury houses in Grimesnes are looking to hire staff for cleaning and greeting of guests for part time job (50–100%). Flexible working hours. If interested, please send an email to: isakvjohannsson@gmail.com or call 822 5588.





Kennsluráðgjafi

Staða kennsluráðgjafa fyrir leik- og grunnskóla á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% stöðu. Á svæðinu eru sjö leikskólar, sex grunnskólar og tveir leik- og grunnskólar.

Starfssvið

- Forvarnarstarf og ráðgjöf um snemmtæka íhlutun með áherslu á sjálfbærni skóla við lausn mála sem upp koma.
- Þverfaglegt samstarf með starfsfólki leik- og grunnskóla.
- Fræðsla og/eða handleiðsla vegna einstaklinga eða hópa.
- Stuðningur við nýbreytni og þróunarstarf skóla m.a. með ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn leik- og grunnskóla.
- Skipulagning á símenntun starfsfólks leik- og grunnskóla og stuðningur við starfsþróun.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari.
- Framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða.
- Farsæl kennslureynsla í grunnskóla, kennslureynsla í leikskóla æskileg.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Lipurð í samskiptum, reynsla og áhugi á teymisvinnu.

Hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi um málefni einstaklinga og hópa. Það eru forstöðumaður, teymisstjóri og kennsluráðgjafi, sálfræðingar, talmeinafræðingar og félagsráðgjafar.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í þróun þjónustunnar og samstarfi, m.a. við sérfræðinga ART-teymis og heilbrigðisþjónustu.

Umsóknarfrestur er til og með **5. ágúst 2019**

Umsóknir sendist rafrænt á netfangið hrafnhildur@arnesthing.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá um störf umsækjanda, menntun og nöfn tveggja umsagnaraðila. Einnig skal fylgja greinargerð þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um sérfræðisþjónustu og tilgreina þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfinu. Í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. september 2019 eða eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi hrafnhildur@arnesthing.is.



Umhverfisverðlaun í Rangárfingi ytra 2019

Umhverfisnefnd Rangárfings ytra óskar eftir tilnefningum vegna umhverfisverðlauna 2019.

Óskað er eftir tilnefningum í snyrtilegt umhverfi húss og lóðar, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

Vinsamlegast sendið ábendingar ykkar á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 11. ágúst nk. merkt:

Rangárfing ytra (umhverfisnefnd)
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella
eða á netfangið ry@ry.is

Umhverfisnefnd Rangárfings ytra

Stefnumót við Múlatorg - Sumarhátíð Sumarhússins og garðsins



og af blómum úr garðinum. Í ár veitir Sumarhúsið og garðurinn í fyrsta sinn „Rósina“, Hvatningarverðlaun Sumarhússins og garðsins. Þau eru veitt þeim sumarhúsaeigendum eða garð-áhugamönnum sem sýnt hafa framúrskarandi hugmyndaauði og elju. Auður segir að á Stefnumótinu sé einstök stemning, gestum líki vel að koma og hlýða á lifandi tónlist sem flutt er á pallinum í garðinum.

Í ár er það hljómsveitin Skorsteinn sem flytur Evrópska Þjóðlagatónlist. Svo er það markaðurinn sem hefur þróast og stækkað ár frá ári. „Við erum afar hreikin í ár að kynna lista- og handverksmarkaðinn því að með okkur verða kúntnerar og hagleiksfólk sem er að gera alveg dásamlega hluti. Allt svo vandað og fallegt. Við erum svo með til sölu plöntur, garðvörur, erlendar garðyrkjubækur og auðvitað alla 25 árgangana af Sumarhúsinu og garðinum og bækurnar okkar. Mæðgurnar í Pylsuvagninum verða með okkur og Pönnukökuvagninn þannig að enginn fer svangur heim.“ Stefnumót við Múlatorg er frá kl.11-17. Auður segist eiga von á miklum fjölda og hvetur fólk að koma snemma til að njóta sem best þess sem hún og hennar samstarfsmenn bjóða upp á.

Sumarhúsið og garðurinn býður til hátíðar laugardaginn 27. júlí að Fossheiði 1 á Selfossi. Sumarhúsið og garðurinn hefur staðið fyrir menningar- og markaðshátíð frá árinu 2014. „Við bjóðum heim velunnurum okkar, áskrifendum og þjóðinni eins og hún leggur sig. Garðurinn er í fullum blóma og skartar sínu fegursta. Við erum að sýna nú í fyrsta sinn lóðréttan gróðurvegg, nýtt kryddjurtabeð og verkfærageymslu með allskyns lausnum sem gæti verið öðrum fyrirmynd. Við munum meðal annars ræða við gesti um pottaplöntur og garðyrkjufraeðingur

mun hafa umsjón með pottaplöntuskiptum og umpottun þeirra, við seljum mold og potta á staðnum. Þannig að ef þú lesandi góður átt auka pottaplöntur til skiptanna, komdu og býttu við næsta mann á hátíðinni,“ segir Auður sem bætir við að í gróðurhúsinu í bakgarðinum verði Óli Finnsson garðyrkjufraeðingur með fræðslu um lífrænar skordýravarnir og til sýnis humlubú, samskonar og garðyrkjubændur nota til frjóvgunar á tómtum og gúrkum. Auk fræðslu þá verður Páll Jökull ljósmyndari með ljósmynda-sýningu, bæði landslagsmyndir

† Minningarorð um Ingólf Bárðarson

Ingólfur Bárðarson fæddist 20. ágúst 1934 og lést 25 júní síðastliðinn. Félagar hans í Golfklúbbsi Selfoss sakna hans. Hann náði góðu sambandi við alla þá sem umgengust hann og bar með sér gleði og ánægju. Ingólfur Bárðarson var einn af frumherjum Golfklúbbs Selfoss og var starfandi allt frá byrjun, árið 1971. Hann var lengi einn af ötulustu sjálfboðaliðum í starfi klúbbsins og var formaður hans árin 1981-1983 og sat samfellt í stjórn klúbbsins í 16 ár. Hann tók meðal annars þátt í uppbyggingu golfvallar við Engjavegin á Selfossi og þegar nýir golfvöllir voru byggðir upp að Alviðru við Sog og að lokum við Svarfhól þar sem golfvöllurinn er nú.

Ingólfur var mjög áhugasamur um velferð klúbbsins og fylgdist mjög vel með árangri annarra golfklúbbsfélaga og var ópreytandi við að hrósa mönnum fyrir góðan árangur, hvatti menn óhikað áfram. Ingólfur var ætíð boðinn og

búinn að leiðbeina, aðstoða kylfinga og gefa þeim góð ráð.

Sjálfur var hann liðtækur golfari og varð klúbbsmeistari Golfklúbbs Selfoss alls átta sinnum. Ingólfur hafði sérstaka golfsveifluaðferð við að slá golfkúluna, sem hann hafði þróað að mestu að eigin hugviti. Sveiflan var þannig að það fór ekki á milli mála hver var að sveifla kylfunni og þekktist úr langri fjarlægð hver var á ferð, en hún var að sama skapi árangursrík fyrir hann.

Ingólfur var duglegur við æfingar og nýtti öll þau tækifæri sem gáfust til að æfa eða stunda íþróttina. Einnig fór hann mikið utan og þá sérstaklega til heitari landa þar sem hann naut sín vel við að heimsækja og spila þarlanda golfvelli.

Ingólfur var sæmdur gullmerki Golfsambands Íslands fyrir störf sín í þágu golfhreyfingarinnar. Einnig var hann gerður að heiðursfélagi Golfklúbbs Selfoss. Hann var hrókur alls fagnaðar á skemmtunum. Sagði yfirleitt eina eða tvær



góðar sögur, auk þess sem hann dansaði mest af öllum með stæl við Lúllu sína og aðrar sem tiltækar voru.

Blessuð sé minning um góðan féлага. Félagar í Golfklúbbsi Selfoss senda fjölskyldu Ingólfs hlýjar óskir og samúðarkveðjur.

Samúel Smári Hreggviðsson og Bárður Guðmundarson, fyrrum formenn Golfklúbbs Selfoss.

Útför Ingólfs fór fram í kyrrþey frá Selfoskirkju fimmtudaginn 18. júlí 2019.

RISA PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT
RÚLLUSTANDAR



prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOSSE@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOSSE



ÚTSALA

40-70%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM



50%

LAVAL kommóða.
68 x 40 x H103 cm.
~~44.900 kr.~~ Nú 22.450 kr.



40%

SUSHI SETT. Skál ~~300 kr.~~ Nú 234 kr.
Diskur ~~1290 kr.~~ Nú 774kr.



50%

GRANADA stóll. 50 x 60 H90 cm.
~~29.900 kr.~~ Nú 14.950 kr.



50%

SITKA stóll. 51 x 64 x H86 cm.
~~19.990 kr.~~ Nú 9.950 kr.



70%

LUNEVILLE borð.
36x36x40 cm. ~~9.900 kr.~~ Nú 2.997 kr.
48,5x38x52 cm. ~~15.990 kr.~~ Nú 4.797 kr.
63x43x65 cm. ~~19.900 kr.~~ Nú 5.970 kr.

PIER.is

AUSTURVEGUR 69 - SÍMI 522-7890

AFGREIÐSLUTÍMI: VIRKIR DAGAR 11-18:30 LAU 10-18 SUN 12-18

Kæri nágranni!

**Við höfum opið á laugardögum
í sumar kl. 11-15**

Hlökkum til að sjá þig



Opið fyrir þig

Sunnumörk 2

mán-fös
frá 10-18laugardaga
frá 11-15

www.apotekarinn.is

Apótekarinn⁺

Hveragerði

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands
Opnunartími í sumar
miðvikudaga kl. 10–14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
 Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti



Almenn Prentun

S. 482 1944
selfoss@prentmet.is

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFÖSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf
skattskil
Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM
Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spiegla og fleira.
Annast einnig sólpallasmíði.
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

Sláttur / Hellulagnir /
Heimilisþrif
Tökum að okkur slátt,
hellulagnir, alla garðvinnu
og heimilisþrif.
Teppahreinsum og djúp-
hreinsum sófasett.
Sanngjarnt verð.
Sími 769 1037.

TIL LEIGU
Hesthús
26 hesta hesthús til leigu
ásamt reiðhöll á Suðurlandi.
Íbúð gæti fylgt með. Uppl. í
síma 892 1355.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 28. júlí kl.
11:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Elísa Elíasdóttir.
Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Göngumessa í Hellisskógi
kl. 20:00, umsjón Guðbjörg
Arnardóttir.

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta í Skálholts-
dómkirkju sunnudaginn 28.
júlí kl. 11.00. Séra Skírnið Garð-
arsson annast prestsþjón-
ustuna. Lene Langballe og
Lára Bryndís Eggertsdóttir
flytja tónlist fyrir cornetto og
orgel. Allir velkomnir.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnapössun og kaffi-
veitingar. English translation
available. Allir innilega vel-
komnir. www.selfossgospel.is.

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og
heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Breyting á reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð í umsagnarferli

Umhverfis- og auðlindaráðu-
neytið hefur óskað eftir um-
sögnum um drög að breytingu á
reglugerð um Vatnajökulspjóð-
garð. Breytingin varðar reglur
um atvinnutengda starfsemi inn-
an þjóðgarðsins.
Haustið 2016 tóku gildi
breytingar á lögum um Vatna-
jökulspjóðgarð. Í lögnum er nú



Úr Morsárdal í Skaftafelli. Ljósmynd: Vatnajökulspjóðgarður.

kveðið á um að óheimilt sé að
reka atvinnutengda starfsemi í
þjóðgarðinum án samnings um
slíka starfsemi við Vatnajökuls-
þjóðgarð. Jafnframt er kveðið á
um að í slíkum samningum skuli
setja þau skilyrði fyrir starf-
seminni sem talin er þörf á, m.a.
vegna verndarmarkmiða þjóð-
garðsins og að nánar skuli mælt
fyrir um slík skilyrði, málsmæð-
ferð og gerð samninga sam-
kvæmt ákvæðinu í reglugerð.
Í drögum að breytingu á
reglugerð um Vatnajökulspjóð-
garð er atvinnutengd starfsemi
skilgreind, kveðið er á um
málsmæðferð, samningsgerð og
eftirlit með henni og greinar-
munur gerður á milli starfsemi
sem nauðsynlegt er að takmarka
að umfangi og starfsemi sem
ekki er nauðsynlegt að takmarka
að umfangi.
Umsögnum um reglugerða-
drögin skal skilað í Samráðsgátt
Stjórnarráðsins eigi síðar en 6.
ágúst næstkomandi.

Byggðasafn Árnesinga kaupir Búðarstíg 22 á Eyrarbakka

Framundan eru breytingar til betri vegar á húsnæðismálum Byggðasafns Árnesinga. Mjög brýnt hefur verið að stækka eða bæta við varðveisluaðstöðu safnsins þar sem núverandi aðstaða er sprungin. Stórir gripir hafa um árabíl verið geymdir í Mundakotsgeymslu á Eyrarbakka sem er algjörlega óviðunandi geymsluaðstaða og enn fremur bíður stór safngripaeign frá sveitarfélaginu Ölfusi þess að komast í viðunandi húsnæði. Í apríl keypti Byggðasafn Árnesinga Búðarstíg 22 á Eyrarbakka, hið svokallaða Alpanhús, undir starfsemi og var núverandi þjónustuhús að Hafnarbrú 3 tekið upp í. Kaupin áttu sér stað í kjölfar aukafundar Héraðsnefndar Árnesinga, eiganda safnsins, sem snemma árs samþykkti að fara þessa leið til að leysa úr húsnæðisvandinum. Starfsemiin færir úr 560 fermetrum í Hafnarbrúnni og Mundakotsskemmu í 1700 fermetra í Búðarstíg 22. Verða geymslur safnsins því allar á einum stað. Í Búðarstíg 22 verða einnig skrifstofur safnsins, verulega bætt þjónustuaðstaða fyrir almenning ásamt rými sem gefur möguleika til fyrirlestrahalls o.fl. Ætlunin er að leigja Þjóðminjasafni Íslands ríflega 400 fermetra undir ýmsa muni sína. Flutningur safnsins úr Hafnarbrú 3 og Mundakotsskemmu í Búðarstíg 22 mun fara fram í nokkrum áföngum og er stefnt að því að flutningum verði lokið árið 2022.

Saga Búðarstígs 22

Byggingin að Búðarstíg 22 er vestarlega á Eyrarbakka, nálægt höfninni og við aðalgötuna á Eyrarbakka. Elstu hlutar byggingarinnar, skrifstofuhlutinn og gamla fiskvinnslan, eru frá 1970. Húsið byggði útgerð Þorláks helga ÁR 11 til að vinna aflann úr skipinu. Þorlákur helgi hf. var í eigu Sverris Bjarnfinnssonar og Vigfúsar Jónssonar fyrrv. oddvita. Árið 1973 seldu þeir fyrirtækið sem hlaut þá nafnið Einarshöfn hf. Þá var vinnslusalur stækkaður í norðvestur árið 1973 og árið 1981 var byggð stór steinsteyppt skemma austan við vinnslusalinn. Starfsemi Einarshafnar hætti í kjölfar þess að hlutafélagið Alpan var stofnað í mars árið 1984. Lagðist þá fiskvinnslan niður og í staðinn kom álpönnuframleiðsla. Framleiðslan hófst sumarið 1985 og stóð í rúma tvo áratugi. Framleiðsla Alpan voru álpönnur steypar úr fljótandi áli og húðaðar. Starfsemiin hófst með þeim hætti að keypt var álpönnuverksmiðja í Danmörku og tæki þess flutt í Búðarstíg 22 í nokkrum skrefum. Mikill uppgangur var á fyrirtæki-



Búðarstígur 22 árið 1986 þegar Alpan var nýbyrjað að nýta húsin. Myndina tók Sigurður Jónsson en hún er varðveitt í Héraðsskjalasafni Árnesinga.

inu á 9. áratugnum og var það stærsti aðiliinn á Íslandi sem fullvann ál. Um 40 manns unnu hjá Alpan árið 1989. Það ár seldi fyrirtækið 300 þúsund álpönnur og fór framleiðslan á markaði á Íslandi, í Bandaríkjunum og Evrópu. Árið 2005 störfuðu 25 manns hjá Alpan og er þess getið í frétt að íslenska kokkalandslíðið noti eingöngu pönnur og potta frá fyrirtækinu. Framleiðslan það ár var 140 þúsund stk. Síðan fór að fjara undan starfsemiin og á tímum óhagstæðs gengis krónunnar reyndist erfitt að standast samkeppni um verð. Margir starfsmanna voru erlendir á síðustu starfsárum verksmiðjunnar sem að lokum flutti til láglaunalandsins Rúmeníu. Alpan á Eyrarbakka hætti starfsemi um mitt ár 2006. Eftir að álpönnuverksmiðja Alpan fór frá Eyrarbakka keypti Fasteignafélagið Eyrarbakki húsakynninn og lét gera að húsbíla- og tjaldvagnageymslu. Einhver eigendaskipti voru á húsinu næstu árin og voru þar um skeið stundaðar sperrusmiðar fyrir húsbýggingar. Síðast eignaðist félagið Alpan ehf. húsið og það gegndi aftur hlutverki húsbíla- og tjaldvagnageymslu til vorsins 2019 að Byggðasafn Árnesinga keypti það.

Fjórir húshlutar

Byggingin að Búðarstíg 22 skiptist í fjóra húshluta. Elst er skrifstofurýmið 215 fermetrar og er lengst í vestur. Þar er ætlunin að skrifstofur, snyrtingar og fjölnota salur verði í framtíðinni fyrir sýningar, fyrirlestra, fundi og félagsstarf. Til hliðar er upprunalegi vinnslusalurinn sem er 453 fermetrar að stærð sem kalla mætti miðrými. Er ætlunin að þar verði obbin af safnkostinum varðveittur í framtíðinni. Norðvestur af miðrýminu er 168 fermetra salur, sem kalla má norðurrými, þar sem

verður í framtíðinni aðalinngangur í þann sal og miðrýmið. Þar verða einnig geymdir margvíslegir hlutir sem tengjast safnastarfsemi eins og sýningapúlt, gínur, plexígler, gamlar sérsýningar, og annað sem ekki telst til skráðra safngripa. Austast er skemman sem er um 861 fermetri að stærð. Skemmunni verður skipt í tvennt með skilrími. Þjóðminjasafni Íslands verður leigður nyrðri hlutinn til 20 ára. Byggðasafn Árnesinga hyggst nýta syðri hlutann undir stóru gripina sína, eins og bíla, báta, vélar og merka baðstofuvíði.

Aðlögun að nýrri starfsemi

Unnið er að viðgerðum á Búðarstíg 22 og er ætlunin að taka austasta hlutann, skemmunna, í notkun næsta vetur. Aðlaga verður allt húsið að þörfum safnsins og verður því verkefni kaflaskipt á nokkur ár. Ljóst er á ástandi hússins alls að skipta þarf um ystu klæðningu á þaki og veggjum í eldri hlutum hússins og aðlaga það að innan í samræmi við kröfur sem Safnaráð gerir til safnhúsa. Forvörður verður til ráðgjafar á öllum stigum verkefnisins. Menn á vegum Gríms Jónssonar verktaka, GJ verk, sjá um framkvæmdir og er núna verið að setja upp nýjar tengingar milli skemmunnar og miðrýmis. Einnig verður í þessum áfanga settur upp brunaheldur milliveggur sem skiptir skemmunni í tvennt, nýjar iðnaðarhurðir verða í húsinu, gólf lagfærð og máluð og sett öryggiskerfi sem er skylda hjá söfnum. Umsjón með framkvæmdum er í höndum byggingarnefndar Búðarstígs 22 sem fundar eftir þörfum.

En hvað mun þetta kosta?

Í upphafi er þess að geta að Búðarstígur 22 var keyptur á 87,5 milljónir króna eða 51 þúsund krónur hver fermetri og Hafnarbrú

3 var tekin upp í og seld á 37 milljónir króna. Ljóst er að leggja þarf í margháttaðar viðgerðir á húsinu og aðlögun að komandi starfsemi en til eru haldgóðar upplýsingar um væntanlegan kostnað. Sótt hefur verið um styrk til Ríkissjóðs í samræmi við Safnalög sem veitir viðurkenndum söfnum heimild til að sækja um styrki til kaupa eða bygginga á safnhúsum. Er því ljóst að farin er hagkvæm leið til að leysa húsnæðisvanda safnsins. Framlög Héraðsnefndar Árnesinga til Byggðasafns Árnesinga verða væntanlega hækkuð. Einnig má benda á leigutekjur sem safnið mun fá af leigðu húsnæði. Leigutekjur munu koma frá Þjóðminjasafni, mögulega útleigu á sal og spennistöð HS-veitna sem er til staðar í húsinu.

Húsnæðisvandinn leystur

Með tilkomu Búðarstígs 22 verður leyst úr margra ára húsnæðisvanda safnsins en það býr við mikil þrengsli í núverandi geymslunum sínum. Búðarstígur 22 mun gera safninu kleift að varðveita, rannsaka, forverja og sýna þennan menningararf Árnesinga við bestu skilyrði sem völ er á. Innri aðstaða í safngeymslunum og vinnuaðstaða er jafn mikilvæg ytri aðstöðu sem gestir sjá á sýningum. Búðarstígur 22 verður hluti af starfsemi Byggðasafns Árnesinga, verður einskonar hjarta safnsins og mun þjóna fjölbreyttu sýningahaldi í Húsinu, Kirkjubæ, Eggjaskúrnum og Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Staðsetning húsnæðisins er ákjósanleg fyrir safnið.

Rík ástæða er til að þakka framsýnum héraðsnefndarmönnum þessa ákvörðun að kaupa Búðarstíg 22 og er ekki nokkur vafi á að menningarstarf héraðsins mun eflast með tilkomu þessarar aðstöðu og varðveisla gripa tryggð til framtíðar.

Lýður Pálsson,
safnstjóri Byggðasafns Árnesinga.

www.byggdasafn.is



NÝ ÞJÓNUSTA Á SELFOSSI

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2
VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • LJÓSMYNDIR
RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFÖSS





Gamla húsið Laxabakki.

Héraðsnefnd Árnesinga fjallaði um málefni Laxabakka

Ávorfundi Héraðsnefndar Árnesinga sem haldinn var í Árnesi 10. maí sl. var m.a. rætt um málefni Laxabakka og afstaða tekin til mála. Árni Eiríksson úr Flóahreppi fór yfir málefni Laxabakka á fundinum.

Í máli Árna kom fram að Laxabakki er á landi í sameiginlegri eigu Landverndar og Héraðsnefndar Árnesinga í Öndverðarnesi 2, á austurbakka Sogsins. Laxabakki er burstabær eða hús sem byggt var sem sumarhús árið 1943. Húsið var í eigu Ósvaldar Knudsen. Árið 2018 eignaðist Íslenski bærinn ehf. í Meðalholtum í Flóa húsið.

Í fundargerð Héraðsnefndar segir: „Um árábil hefur staðið deila um hvort og þá hversu stór eignarlóð tilheyri húsinu og stendur þessi deila enn. Alviðrunefnd hefur ítrekað látið skoða málið og niðurstaðan ávallt verið sú að húsinu tilheyri engin eignarlóð og þannig stóð málið einnig þegar Íslenski bærinn eignaðist húsið. Var það skilningur Alviðrunefndar að ætlunin væri að færa húsið að Meðalholtum og endurreisa það. Það virðist síðan hafa breyst.

Núverandi eigandi hússins hefur lýst því yfir að Landvernd og Héraðsnefnd hafi ekki viljað leysa þetta mál. Þó hefur Alviðrunefnd lýst yfir vilja til að finna farsæla lausn þannig að gera meg við húsið þar sem það er.

Hendur Héraðsnefndar eru að sumu leyti bundnar í málinu þar sem meðeigandanum að landinu, Landvernd, er mjög

annt um að ekki sé gengið á þann birkiskóg sem þarna er og að framkvæmdum í kringum umrætt hús verði haldið í algeru lágmarki.“

Eftir umræður um málið samþykkti Héraðsnefnd Árnesinga eftirfarandi ályktun:

„Héraðsnefnd Árnesinga vill fyrir sitt leyti ítreka vilja til verndunar menningarsögulegra minja á húsinu á Laxabakka í landi Öndverðarness. Ljóst er að ágreiningur er á milli aðila hvort húsið standi á sér lóð. Sá

ágreiningur verður ekki leystur nema fyrir dómstólum. Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga felur frakvæmdastjórn ásamt fulltrúa Héraðsnefndar í Alviðrunefnd að vinna að framgangi málsins í samræmi við umræður á fundinum.“

Því má bæta við að á vurfundinum var Smári Bergmann Kolbeinsson, úr Grímsnes- og Grafningshreppi, skipaður í stjórn Alviðru í stað Árna Eiríkssonar sem óskaði eftir lausn frá setu í stjórninni.

Lagnapjónustan ehf.
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

MERKINGAR LASERSKURÐUR FRÆSINGAR PRENTUN
Kennslustofa 60
SB SKILTAGERÐ
 Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

Jiibbii Siggafærðir
- Flutningapjónusta -
 Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss
 Hella - Hvolsvöllur
 Sími 772 6010

FROST
 KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
 HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
 HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Raf- og Kæli-Þjónustan ehf.
Sími 660 2970
 • Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Isskápaþvöðgerðir • Almennar raflagnir

HREINGERNINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
 Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
 Símar 483 3827 og 897 8444
 Hreint um allt Suðurland

Tæknipjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
 Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
 Öryggiskerfi
 Eftirlitsmyndavélakerfi
 Hljóðkerfi
 Símkarfi o.fl.
 Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson sími 779 6777

Rétting og málun
 Vottað réttingaverkstæði Cabas tjónaskoðun
 Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

FYLGD Útfararþjónusta
 Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
 Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
 Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT Vinnuvélanámskeið á netinu!
 www.vinnuvelaskolinn.is

Josera Gæludýrafóður
Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
 Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
 Gagnheiði 5, Selfossi
 Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
 Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
 Hjólbarðar Smurpöjónusta Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar Strigaprentun Fatamerkingar Gluggafilmur Límmiðar Skiltagerð Filmulausnir og merkingar
 Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
 filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
 Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti
Bilverk BA
 - þar sem fagmennirnir vinna
 ★★★★★ Vottað verkstæði
 Gagnheiði 3 - Selfossi
 Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is